

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 28. ÁRG. 2022





- |   |  |  |
|---|--|--|
| <p>4 SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON<br/>Að liðnum lagadegi</p> <p>6 ARI KARLSSON<br/>Frá ritstjórn</p> <p>8 HILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR<br/>Lagadagurinn 2022: Umræður um kaupauka á málstofu um fjármálalögfræði</p> <p>11 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Lagadagurinn 2022: „Street food“ stemning</p> <p>12 UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR<br/>Lagadagurinn 2022: Sókn í sjálfbærni</p> | <p>14 UNNUR LILJA HERMANNSDÓTTIR<br/>Lagadagurinn 2022: Loftslagsbreytingar fyrir dómstólum</p> <p>18 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Lagadagurinn í myndum</p> <p>20 VIÐTAL VIÐ KRISTÍNU HARALDSDÓTTUR<br/>Óþreyju gætir varðandi tæknivæðingu dómstólanna</p> <p>24 VIÐTAL VIÐ BJARKA MÁ MAGNÚSSON<br/>Skipunarferli skiptastjóra og aðfinnslumál</p> | <p>28 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR OG EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Meistaramót LMFÍ í golfi 2022</p> <p>30 VIÐTAL VIÐ PÁL ARNÓR PÁLSSON<br/>Ég undi mér vel í lögmansstarfinu</p> |
|---|--|--|

**Lögmannafélag Íslands**

Álfamtýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**

Ari Karlsson lögmaður  
Netfang: [ari@lmg.is](mailto:ari@lmg.is)

**Aðstoðarritstjóri**

Eyrún Ingadóttir

**Ritnefnd**

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður  
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður  
Ingi B. Poulsen lögmaður  
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

**Stjórn LMFÍ**

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, formaður  
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður  
Geir Gestsson lögmaður  
Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður  
Tómas Eiríksson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**

Eva Halldórsdóttir lögmaður  
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður  
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögræðingur  
Dóra Berglind Torfadóttir bókari og ritari

**Forsíðumynd**

Árni Helgason lögmaður var með uppistand að kvöldi Lagadags við mikinn fögnuð viðstaddra. Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir.

**PRENTVINNSLA**

Litlaprent ehf.

**UMSJÓN AUGLÝSINGA**

Öflun ehf., sími: 530 0800  
ISSN 1670-2689



# Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Farsími geymir gögn, á SIM kortinu og í símanum sjálfum, oft viðkvæm gögn sem þarf að eyða með öruggum hætti. Við vinnum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar farsímans. Eyðingin sjálf gerist með fíntætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

**Hafðu samband!**

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



## GAGNAEYÐING

# AÐ LIÐNUM LAGADEGI

SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Það má segja að gætt hafi nokkurrar eftirvæntingar hjá félagsmönnum Lögmannafélags Íslands, Lögfræðingafélags Íslands og Dómarafélags Íslands fyrir Lagadeginum 2022. Frá árinu 2019 hafa okkur reglulega borist meldingar um að Lagadeginum verði frestað vegna Covid. Á tímabili voru þessir póstar farnir að minna á lúsarpóstana frá leikskólunum – slík var tíðnin. Á endanum var ákveðið að sníða stakk eftir vexti og skipuleggja Lagadaginn 2021 eftir því sem unnt var út frá samkomutakmörkunum, með vel heppnuðum og fróðlegum málstofum, en engri kvölddagskrá.

Þann 23. september sl., voru því liðin tæp þrjú og hálf ár frá því þessar fagstéttir sem standa að Lagadeginum hittust síðast yfir fordrykk og fjöldasteik. Kvölddagskráin skiptir nefnilega töluverðu máli. Það er mikilvægt fyrir okkur sem störfum á þessum vettvangi að hitta kollegana við óformlegri aðstæður. Við deilum sameiginlegum starfsvettvangi, sem er réttarkerfið, stjórnsýslan og lögfræðin. Vinnustaðir okkar liggja því víðar en á eigin skrifstofu. Það getur verið í dómhúsinu, lögreglustöðinni, fangelsunum eða í hinum og þessum fundarherbergjum.

Það er mikil feegurð í því að sjá verjandann og sækjandann sem voru kannski að takast á í dómsalnum fyrr í vikunni gleðjast saman yfir fimmaurabröndurum veislustjórans. Lögmanninn og dómarrann spjalla saman um málefni liðandi stundar en gæta þess sérstaklega að ræða ekki síðustu dómsúrlausn, þó hún sé efst í huga beggja. Við erum nefnilega öll saman í þessu, eins og við fengum að heyra alltof oft undanfarin ár þó verið hafi í öðru samhengi. Svo skal ekki vanmeta mikilvægi þess að hossa sér og hrista útlimina með kollegunum á dansgólfinu undir taktfastrí spilamennsku Bandmanna. Einu sinni heyrði ég að Íslendingar hefðu þá sérstöðu að dansa við lagalínuna en ekki

takt tónlistarinnar. Þetta þykir í senn nokkuð framúrstefnulegt og sérstakt út í hinum stóra heimi, enda hefur það yfir sér nokkuð aðra ásýnd.

En allt gekk þetta vel upp. Framsögur og umræður á málstofunum voru mjög upplýsandi og kvölddagskráin var skemmtileg og þjónaði tilgangi sínum. Að lyfta andanum og þetta raðirnar.

Að lokum vil ég færa þakkir til þeirra sem stóðu að dagskránni. Þar ber fyrst að nefna lagadagsnefndina sem saman stóð af Heiðrúnu Jónsdóttur og Láru Herborgu Ólafsdóttur f.h. Lögmannafélags Íslands; Katrínu Smára Ólafsdóttur og Hafsteini Þór Haukssyni f.h. Lögfræðingafélags Íslands; og Kristbjörgu Stephensen og Arnaldi Hjartarsyni f.h. Dómarafélags Íslands.

Þá vil ég líka þakka Stefáni A. Svenssyni fyrir óaðfinnanlega veislustjórni sem og starfsmönnum Lögmannafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands fyrir ómælda vinnu í tengslum við Lagadaginn, þeim Ingimari Ingasyni, Önnu Lilju Hallgrímsdóttur og Dóru Berglindi Torfadóttur. Sérstaklega vil ég þakka Eyrúnu Ingadóttur sem að öðrum ólöstuðum á einna mest í því hversu vel Lagadagurinn 2022 heppnaðist.

Takk fyrir okkur.



# Áreiðanleikakönnun viðskiptavina á einum stað

Ferlið við áreiðanleikakönnun getur verið flókið og tímafrekt. Með hjálp Creditinfo getur þú einfaldað ferlið til muna. Á þjónustuvef Creditinfo finnur þú réttar og uppfærðar viðskiptaupplýsingar til að framkvæma áreiðanleikakönnun hratt og vel. Komdu í veg fyrir möguleg mistök og nýttu þér þjónustu Creditinfo.

**Kynntu þér Áreiðanleikakönnun Creditinfo á [creditinfo.is](https://creditinfo.is).**



# HLÝÐNI

ARI KARLSSON  
RITSTJÓRI



Við setningu lögreglulaga nr. 90/1996 var bætt við því nýmæli í 19. gr. laganna að almenningi beri skylda til þess að hlýða fyrirmælum lögreglu svo sem vegna umferðarstjórnunar eða til þess að halda uppi lögum og reglum á almannafæri. Í greinargerð með frumvarpi segir að slík ákvæði hafi verið að finna í lögreglusamþykktum en rétt þyki að hafa ákvæði um slíka skyldu í lögum. Í 44. gr. lögreglulaga er síðan kveðið á um refsingar við að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu þ.e. að brot gegn ákvæðinu varðar fjársektum, nema kveðið sé á um þyngri refsingu í öðrum lögum.

Með lögreglulögum voru jafnframt lögfest nýmæli sbr. 15. og 16. gr. lögreglulaga um heimildir lögreglu til þess að hafa afskipti af borgurunum m.a. til þess að halda uppi almannafriði eða allsherjarreglu og þá til þess að handtaka fólk í því skyni og færa á lögreglustöð. Í þinglegri meðferð var ekki sérstaklega rætt um nauðsyn þess að leggja sérstaka refsingu við því að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu. Hvað það varðar er ljóst að ákvæði 106. gr. almennra hegningarlaga leggur refsingu við því að tálma störfum lögreglu eða hindra framkvæmd þeirra.

Refsingum vegna brota gegn 19. gr. lögreglulaga hefur einkum verið beitt í þeim málum þar sem lögregla hefur haft afskipti af mótmælendum sem hafa verið að nýta sér stjórnarskrávarin mannréttindi til tjáningar og að koma saman. Við þær aðstæður er ljóst að lögregla kann að þurfa að taka hratt ákvörðun í því skyni að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu. Að sama skapi er ljóst að lögregla kann að fara út fyrir valdheimildir sína með fyrirmælum til borgaranna sem felur sjálfkrafa í sér brot á stjórnarskrárbundnum mannréttindum. Að síðustu felur það í sér þegar lögregla skipar borgurnum að yfirgefa svæði eða með lokunum á götu í því skyni að halda uppi allsherjarfriði

eða lögum og reglum að það felur í sér lögmæta skerðingu á stjórnarskrárvörðum mannréttindum.

Það vekur sannast sagna furðu að löggjafinn hafi kosið að leggja refsingu við því að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu við setningu lögreglulaga án þess að nauðsyn þess hafi verið rökstudd með nokkrum hætti. Þá rímar það illa við réttarvitund almennings að leggja refsingu við því að óhlýðnast fyrirmælum lögreglu einum og sér án nokkurra takmarkana um efni slíkra fyrirmæla eða hvort að þau séu yfir höfuð lögmæt.

Á Alþingi hafa þingmenn Pírata lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum þar sem ákvæði 19. gr. laganna er breytt á þá vegu að almenningi sé skylt að hlíta lögmætum fyrirmælum lögreglu. Enda þótt að um skref í rétta átt sé má hér ganga lengra og fella út refsingar vegna brota á 19. gr. lögreglulaga.

Eftir sem áður væri lögreglu heimilt að handtaka þá sem óhlýðnast fyrirmælum lögreglu ef nauðsyn krefur til þess að halda uppi lögum og reglu eða allsherjarfriði.

Það ætti að duga.





# Endurmenntun fyrir lögfræðinga

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi.

Útskrifuðum lögfræðingum frá HR stendur til boða að sækja námskeiðin með 50% afslætti.

#### **Dæmi um námskeið í boði á vorönn 2023:**

- Vátryggingaréttur
- Hagnýtur samningaréttur
- Alþjóðlegur umhverfisaréttur og loftslagsbreytingar
- Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála
- Hugverkaréttur og hugverkasamningar fyrir sprotafyrirtæki

  @haskolinnireykjavik

 @haskolinn

Sjá úrval námskeiða og nánari upplýsingar á:

**[hr.is/lagadeild](https://hr.is/lagadeild)**

# UMRÆÐUR UM KAUPAUKA Á MÁLSTOFU UM FJÁRMÁLALÖGFRÆÐI

Umfjöllunarefni rökstóla á málstofu um fjármálalögfræði voru *kaupréttir og kaupaukar* starfsmanna fjármálafyrirtækja, undir yfirskriftinni „*Regluverk og þróun/áhætta*“. Nokkur hluti þátttakenda tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað, líkt og sú sem hér skrifar, en í sal var auk þess gríðarlega góð mæting. Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður hjá Lex, stýrði málstofunni, en skemmtilegar umræður sköpuðust um efnið.

## Um traust og áhættu

Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor emeritus í heimspeki við Háskólann á Akureyri, hóf leik á umfjöllun um fall bankanna. Taldi Guðmundur að með hliðsjón af þeirri reynslu væri bæði eðlilegt að takmarkanir hefðu verið settar í lög og að spyrja spurninga um kaupaukakerfi sem slík. Minnti hann á að kerfin byggjast á gagnkvæmu trausti viðskiptavina og banka en að þau geta á sama tíma aukið líkur á áhættuhegðun starfsmanna og þar með unnið gegn trausti.

Guðmundur taldi tvenn rök mæla með því að heimila kaupaukakerfi. Annars vegar stuðli þau að því að hagur starfsmanna og fyrirtækis fari saman, sem sé æskilegt, og auki þar með líkur á því að starfsmaður taki ákvarðanir sem stuðli að hag fyrirtækis. Þó telji hann rétt að taka tillit til fleiri sjónarmiða en peninga. Hins vegar séu kaupaukar þrýðileg leið til að tryggja stjórnendum og öðrum starfsmönnum góð laun og þar með laða til sín góða starfsmenn.

En af hverju yfir höfuð að heimila kaupaukakerfi í fjármálafyrirtækjum? spurði Guðmundur, auk þess sem hann velti fyrir sér hvort þau væru áhættunnar virði fyrir fyrirtæki sem þyrftu nauðsynlega á trausti að halda. Um þetta efaðist Guðmundur og

taldi að betri leið til að tryggja samband starfsmanns og fyrirtækis væri að greiða góð föst laun, auk þess sem sá misskilningur ríki, að hans mati, að peningaleg umbun sé æðst allra gæða. Svo sé ekki heldur skipti ýmis önnur verðmæti máli svo sem góður vinnuandi og mikilvægt samfélagslegt hlutverk, auk þess sem vinnan gegni mikilvægu hlutverki í sjálfsvirðingu hvers og eins.

## Íslenskar reglur og baksýnispegillinn

Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður á Landslögum, hóf erindi sitt á umfjöllun um reglur um kaupauka og samanburð á milli landa. Rakti hann ólíkt, og mun víðtækara, gildissvið kaupaukareglna á Íslandi til samanburðar við önnur ríki í Evrópu. Gilda reglurnar hér á landi þannig um alla starfsmenn allra fjármálafyrirtækja, á meðan að í öðrum ríkjum gilda reglurnar eingöngu um svo kallaða *material risk takers*, þ.e. aðila sem taka verulega áhættu. Reglur varðandi hámark kaupauka eru jafnframt mun þrengri á Íslandi en annars staðar.

Því næst færði Jóhannes Karl sig rúman áratug aftur í tímann, eða til Lagadagsins 2009 og stöðunnar þá. Sýndi hann þar myndrænt með sláandi hætti helstu forsendur á þeim tíma, þar sem hann bar meðal annars saman landsframleiðslu Íslands fyrir hrun (1.300 milljarðar króna) við efnahagsreikning bankanna





F.v. Lára Herborg Ólafsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímansson, Jóhannes Karl Sveinsson og Óttar Pálsson.

(16.000 milljarðar króna.) Tók hann einnig þrjú athyglisverð dæmi um banka fyrir hrun. Hjá banka A fór hlutfall grunnlauna bankastjóra af heildarlaunum úr 31% í 4% en bónusgreiðslur hans urðu mestar 800 milljónir á mánuði árið 2007. Hjá banka B aftur á móti nífölduðust mánaðarlaun bankastjóra á árunum 2004 til 2008, þar sem grunnlaun fóru úr 43% í 10% af heildarlaunum. Hjá banka C var 159 faldur launamismunur árið 2007 á milli bankastjóra og meðalstarfsmanns, en launahæstu hóparnir voru með 35% af heildarlaunum í formi grunnlauna. Kaupréttarsamningar, með lánveitingum til starfsmanna, með takmarkaðri persónulegri ábyrgð, voru jafnframt til staðar, en lánin voru 60 milljarðar króna í október 2008, og um var að ræða 11-13% af heildarhlutfé. Af þessu var ljóst hvernig aðstæður hafa gjörbreyst frá þessum tíma.

Loks fór Jóhannes Karl yfir þau mál þar sem reynt hefur á kaupakgreiðslur og kaupakakerfi, bæði fyrir dómstólum og hjá yfirskattanefnd.

### Tilfinningasjónarmið og tíminn

Óttar Pálsson, lögmaður á LOGOS, hóf mál sitt á því að lýsa þeirri skoðun sinni að eðlilegt væri að útgangspunktur umræðunnar væri hvort málefnaleg sjónarmið réttlæti að reglum um kaupauka séu settar skorður.

Óttar rakti sögu reglnanna hérlendis en sérstakar reglur um takmarkanir á kaupukum fjármálafyrirtækja voru fyrst sett í lög árið 2010 og síðan í reglur Fjármálaeftirlitsins árið 2011 en með þeim var 25% hlutfallsþak á milli fastra launa og breytilegra starfskjara heimfært á alla starfsmenn, en víðast annars staðar er það 100 eða 200%. Áréttaði Óttar, líkt og Jóhannes Karl

áður, að íslensku reglurnar gangi því umtalsvert lengra en gerð er krafa um í evrópsku regluverki en svigrúmið til að greiða kaupauka sem hlutfall af föstum launum í Evrópu er allt að áttfallt við það sem hér gildir.

Óttar færði rök fyrir því að erfitt væri að finna gild sjónarmið fyrir því hvers vegna væri gengið jafnlangt hér og raun ber vitni og ekkert í íslenskum aðstæðum kalli á strangari reglur. Taldi Óttar aftur á móti að hér sé um að ræða málefni sem menn vilja helst ekki snerta á, sem sé að sumu leyti skiljanlegt, en sérstakt væri að fjármálafyrirtækin sýndu þessi ekki meiri áhuga sjálf.

Óttar velti því jafnframt upp hvort kaupukatakmarkanir, sem miða að því að tempra áhættuhegðun starfsmanna fjármálafyrirtækja með því að draga úr fjárhagslegum og persónulegum hvötum þeirra til að taka óhóflega áhættu, hafi áhrif í raun?

Þá væri mikilvægt að gera sér grein fyrir því að ekki væri hægt að setja alla kaupauka undir sama hatt enda skipti útfærsla kerfisins hverju sinni máli til að leggja mat á áhrif eða þann hvata sem kerfið leiði af sér. Fyrirkomulag kaupauka í bönkunum fyrir hrun var til dæmis til þess fallið að auka áhættusækni þeirra einstaklinga sem tóku ákvarðanir fyrir hönd fyrirtækjanna og ætti regluverk tvímælalaust að stuðla að því að slík kerfi gætu ekki verið í fyrirtækjunum. Á þeim tíma voru aftur á móti engar sambærilegar reglur eða viðmið og nú í gildi.

Að þessu sögðu velti Óttar upp hver væri gagnsemi þess að setja kaupukum skorðum en hann taldi röksemdir um að tempra áhættutöku og með því stuðla að fjármálastöðugleika eigi illa við



um önnur fjármálafyrirtæki en þau sem eru kerfislega mikilvæg, þ.e. stóru viðskiptabankana þrjá. Að lokum sagðist Óttar sammála því að traust til fjármálafyrirtækja væri mikilvægt en að langur tími væri liðinn frá falli bankanna og bæði stjórnendur og lagaumhverfi væri gjörbreytt. Væru tilfinningasjónarmið ekki æskilegur útgangspunktur við reglusetningu, heldur ætti að gera meiri kröfur en svo. Á meðan fjármálafyrirtækin sjálf þrýstu aftur á móti ekki á breytingar í þessum efnum væri ólíklegt að nokkru yrði hnikað.

### Af pandóruboxi eftirhrunsáranna

Að loknum erindum var opnað fyrir spurningar. Lára Herborg Ólafsdóttir lögmaður hjá LEX lögmannsstofu, var málstofustjóri og spurði hvort réttlætning væri að takmarka heimildir eins og rætt hefur verið í fyrirtækjum sem ekki teljast kerfislega mikilvæg og hverjar afleiðingar reglnanna væru eins og þær eru í dag varðandi ráðstöfun fjármagnsins, þ.e. til launafólks eða hluthafa.

Jóhannes Karl tók undir að föst laun hafa væntanlega hækkað vegna þessara reglna enda hefur fólk, sem hefur minni möguleika á að semja um breytilegan launaþátt eftir árangri, væntanlega tækifæri til að semja um hærri föst laun. Rökin sem til dæmis voru sett fram þegar bankastjóri Íslandsbanka hætti fyrir hrun árið 2007; „hvort viljið þið að hluthafar fái meira eða starfsfólkið“ séu dálítið góð í sjálfu sér en mega ekki vera ráðandi. Jóhannes Karl sá ekki rök þess að nauðsynlegt sé að grípa svona inn í hjá minni fjármálafyrirtækjum, en þar eiga almannaeilla sjónarmiðin síður við. Það sé aftur á móti ekki stemning í samfélaginu til að ræða þetta mikið, heldur sé óhófið og launamismunurinn inngreyptur í íslensku þjóðarsálina.

Óttar tók undir að hafa heyrt sjónarmiðið um að þessi takmörkun kaupaukareglna leiði til ósanngjarnrar skiptingar, þ.e. meira í vasa fjármagnseigenda og minna til launþega, en sé ekki sannfærður um að það sé rétt. Meginröksemd Óttars fyrir því að vilja opna á kaupaukagreiðslurnar sé að hann telur að það geti aukið skilvirkni og arðsemi fjármálafyrirtækja, með því að búa til rétta hvata fyrir starfsfólk til að ná árangri. Ekki sé því rétt að

líta svo á að hluthafar væru með því að greiða úr sínum vasa eða taka af sinni arðsemi. Sjónarmiðið um að draga úr kerfisáhættu eigi síðan að hans mati illa við um önnur fjármálafyrirtæki en þau sem hafa verið skilgreind sem kerfislega mikilvæg.

Guðmundur Heiðar áréttaði að hans athugasemdir litu eingöngu að fyrirtækjum sem væru kerfislega mikilvæg, en þar skiptu meira máli hagsmunir borgaranna af því að þessi fyrirtæki fari ekki í þrot heldur en réttindi einstakra starfsmanna.

Páll Hreinsson, forseti EFTA-dómstólsins og formaður rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 tók næstur til máls. Páll lýsti því að hann hefði haldið að spurningin sem rétt væri að spyrja væri hvers vegna þær reglur, sem settar hafa verið af Evrópusambandinu, séu ekki nægilega góðar og hvers vegna Ísland þurfi aðrar reglur. Enginn sé aftur á móti að ræða það þar sem sárin séu ekki gróin eftir fall bankanna. Kaflinn í skýrslu rannsóknarnefndarinnar um bónusa vakti mikla athygli og reiði sem sé geymd en ekki gleymd og hefði í engu verið fyrirgefið. Þess vegna muni þetta ekki verða rétt á þessum grundvelli og enginn stjórnmálamaður muni leggja æru sína að veði til að opna þetta pandórubox.

Að lokum var spurt hversu mikla þýðingu það hafi í reynd að reglurnar nái til allra starfsmanna, en ekki bara stjórnenda eða þeirra sem hafa markverð áhrif. Jóhannes Karl tók undir að hafa velt þessu fyrir sér, þ.e. ef starfsfólkið hefur ekki bein áhrif, væri ekki bara hægt að borga þeim sanngjörn laun? Hefði þetta starfsfólk fengið kaupauka og við hvað ættu þeir að miðast? Hann tók því undir þetta sjónarmið, að þetta takmarkaðist við þessa praktisku þýðingu og að hagkvæmnisrök gætu verið fyrir því að taka breiða stroku. Óttar tók undir og sagðist ekki átta sig alveg á því hvort þetta skipti máli en taldi samt hægt að nota kaupaukakerfi til að hafa jákvæð áhrif á laun þessa starfsfólks og skapa jákvæða hvata til að standa sig.

**Hildur Þórarinsdóttir**



# „STREET FOOD“ STEMNING

Það er alltaf fjör í hádeginu á Lagadegi þar sem boðið er upp á „götugóðgæti“ sem þátttakendur innbyrða um leið og þeir heilsa upp á samferðafólkið í lífinu; starfsfélaga, skólafélaga, leikfimisfélaga, Rótarýfélaga, sundfélaga, bókaklúbbsfélaga og göngufélaga. Hér koma nokkrar myndir af fallegu og glöðu fólki.



F.v. Hildur Sveinsdóttir, Guðjón Andri Jónsson, Hrafnkell Ásgeirsson, Stefán Snær Stefánsson og Arnar Sveinn Harðarson.



F.v. Tryggvi Gunnarsson, Kjartan Bjarni Björgvinsson, Ásmundur Helgason og Kristbjörg Stephensen.



Elín S. Árnadóttir sennilega að ræða um vestfirskar gamansögur við þær Sonju Mariu Hreiðarsdóttur (t.v.) og Önnu Hermannsdóttur.



F.v. Guðríður Margrét Kristjánsdóttir, Erla Þuríður Pétursdóttir og Guðlaug María Valdemarsdóttir.



F.v. Bjarni Rósar Gunnlaugsson og Haraldur Andrew Aikman.



F.v. Árni Gestsson, Valgeir Þór Þorvaldsson og Gunnar Atli Gunnarsson.



Úr ýmsu girnilegu var að velja af „götugóðgæti“ Lagadags.

# SÓKN Í SJÁLFBÆRNI

Ein af málstofum Lagadagsins 2022 fjallaði um ný réttarsvið og hugtök sem lögfræðingar munu vinna meira með í framtíðinni, s.s. sjálfbærni, UFS og grænþvott en um þessar mundir er verið að vinna að innleiðingu ESB löggjafar. Áberandi var hve margir ungir lögfræðingar sóttu þessa málstofu, sem annars vegar fjallaði um sjálfbærni og hins vegar um loftslagsbreytingar, en hún var undir styrkri stjórn Helgu Melkorku Óttarsdóttur, lögmanns á LOGOS.

## Sjálfbærar fjárfestingar og grænþvottur

Grænt samkomulag í Evrópu (e. EU Green Deal) kom fram árið 2018 og gekk út frá því að endurhugsa alla löggjöf Evrópusambandsins út frá sjálfbærni en ljóst var að til þess þyrfti gríðarlegt fjármagn. Því kynnti ESB aðgerðaáætlun árið 2018 sem var uppfærð 2021 um að auðvelda flæði fjármagns til fyrirtækja sem leggja áherslu á sjálfbærni í rekstri. Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og formaður stjórnar Festu - miðstöðvar um sjálfbærni, fór yfir nokkrar lykilgerðir í regluverki ESB sem varða innleiðingu ábyrgra fjárfestinga og áherslna á sjálfbæran rekstur fyrirtækja.

Tómas benti m.a. á að í löggjöf um starfstengda lífeyrissjóði í Evrópu væru ítarleg ákvæði um að þeir ættu að innleiða tiltekin atriði hvað varðar sjálfbærni í fjárfestingarferli, áhættustýringu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Á Íslandi væri hins vegar einungis ein málsgrein í lögum þar sem lífeyrissjóðum væri gert að setja sér „siðferðisleg viðmið“ í fjárfestingum, sem fæli ekki í sér jafn skýra leiðsögn. Það skipti því máli að innleiða ESB regluverkið með skilvirkari hætti á Íslandi til að tryggja einsleitni í regluverki á EES-svæðinu, m.a. varðandi reglur um ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærniáherslur í rekstri fyrirtækja sem gefa út fjármálagerninga.

Meðal þeirra atriða sem evrópska regluverkið fjallar um er að skilgreina þurfi með hvaða hætti sjóðir, sem reknir eru fyrir almenning eða fagfjárfesta, taka sjálfbærni inn í fjárfestingastefnur sínar og áhættustýringu, t.d. með því hvort viðkomandi sjóður sé „grár“, „ljósgrænn“ eða „dökkgrænn“. Þetta eru mismunandi stig innleiðingar þar sem „dökkgrænn“ gengur lengst. Sjóðurinn þarf svo að birta upplýsingar á heimasíðu sinni á skýru og skiljanlegu máli, um fjárfestingarstefnu sína. Einnig er að finna flokkunarkerfi, þar sem fyrirtæki geta skilgreint hvernig

fjárfestingar eru sjálfbærar. Nú eru þrjár gerðir í smíðum hjá ESB auk þess sem verið sé að endurskoða aðrar gerðir.

Dæmi um réttarsvið sem varða sjálfbærni eru t.a.m. hlutafélagaréttur út frá umboðsskyldum gagnvart haghöfum og neytenda- og verðbréfaréttur. Í því samhengi fjallaði Tómas m.a. um grænþvott, þegar fyrirtæki gæfu ranga mynd af sér varðandi sjálfbærni og velti upp afleiðingum þess. Einnig ræddi hann um samstarf fyrirtækja hvað varðar þessi mál út frá samkeppnisrétti, hugverkarétti og skaðabótarétti. Ljóst væri að lögfræðingar gætu hjálpað stjórnvöldum í þessari þróun í átt til sjálfbærni.

## Er allt vænt sem vel er grænt?

Bjarni Herrera Þórisson, lögfræðingur og framkvæmdastjóri rekstrar hjá CICERO Shades of Green í Osló, sagði að sífellt fleiri væru að stökkva á „sjálfbærni vagninn“. Fjöldi laga og reglugerða væru á leiðinni og að þróast. Samspil grænna og félagslegra þátta væru einnig að tvinnast saman í auknum mæli. Nú væri til dæmis flókin staða á fjármála- og orkumörkuðum vegna stríðsins í Úkraínu og bakslag vegna orkuöryggis og mikil gagnrýni væri á UFS (umhverfis-, félags- og samfélagsþættir) um þessar mundir, m.a. vegna ætlaðs grænþvotts og nefndi sem dæmi vangaveltur um réttmæti þess að Facebook væri í grænum skuldabréfaflokki. Bjarni tók tvö önnur dæmi frá Bandaríkjunum. Annars vegar þá væri Patagonia nú í eigu jarðarinnar, með engan endanlegan eiganda, og hins vegar hefði Jamie Dimon, forstjóri hjá JP Morgan, í yfirheyrslu í bandaríska þinginu, þvertekið fyrir að ætla að hætta að fjármagna ný olíu- og gastengd verkefni enda myndi það hafa verst áhrif á fátækasta fólkið og fara illa með bandarískt hagkerfi. Þar sæjum við tvo aðila sem báðir eru að taka sjálfbærnisjónarmið inn í ákvarðanatöku og að þetta væri flókið samspil.





F.v. Bjarni Herrera Þórisson, Hanna Björt Kristjánsdóttir, Tómas N. Möller, Eva Margrét Ævarsdóttir og Helga Melkorka Óttarsdóttir.

Knut H. Alfsen, doktor í fræðilegri eðlisfræði og fv. hagstofustjóri í Noregi, skrifaði fyrsta álitid um fyrsta græna skuldabréfið sem var gefið út í heiminum. Það módel, sem var sett í þeim fjármögnunarstrúktúr, hefur búið til eins milljarðs dala markað grænna skuldabréfa og hefur þróast á forsendum markaðsins frá 2008 til 2021 án inngríps löggjafans. Allt þar til núna. Nú er verið að reyna láta lög og reglugerðir fanga það sem markaðurinn hefur komist að niðurstöðu um að sé góður strúktúr og verið sé að reglufesta aðila sem ekki endilega vilja láta reglufesta sig.

Bjarni sagði að loftslagsmarkmið þurfi að byggja á vísindum þó að við smíði t.d. Parísarsáttmálans og annarra viðmiða á sviði loftslagsmála sé mikil pólitík á bak við tjöldin þar sem m.a. er verið að horfa til hagsmuna einstaka ríkja, orkuöryggis og kostnaðar við innleiðingu fyrir heilu hagkerfin. Þá hefur innleiðingum sífellt verið frestað, m.a. vegna þróunar í Rússlandi og í orkumálum: „Þetta væri svolítið eins og blindur að leiða blindan. Hvað er grænt? Af hverju og hversu grænt?“ spurði Bjarni og sagði jafnframt að hann og hans teymi væru að velja þessu fyrir sér daglega. Bjarni vitnaði til Nassim Nicholas Taleb, prófessors í áhættustýringu, sem sagði að mannskepnan væri óhófsöm í eðli sínu. Viðbrögð okkar við krepnum og öfgum eru svo aðrar öfgar og líklegt væri að olíumálin og stríðið myndu í raun leiða til offjárfestingar í hina áttina. Bjarni taldi okkur vera á réttri leið.

### Ný löggjöf

Eva Margrét Ævarsdóttir, lögmaður hjá Lex, sagði að með nýju flokkunarkerfi þá myndi ákveðin atvinnustarfsemi flokkast sem umhverfisvæn, eða græn, á meðan önnur starfsemi fengi ekki síkan stimpil. Þessi löggjöf legði grunnin að öðrum lagabálkum svo það mætti ganga út frá því að hún myndi hafa mikil áhrif. Við stæðum frammi fyrir áskorunum og áhættum sem margar



Unga fólkíð sótti málstofu um sjálfbærni og loftslagsbreytingar.

hverjar hefðu í för með sér verulega neikvæð áhrif og það væri ekki skritið að lítið væri á loftslagsbreytingar sem kerfisáhættu. Eva benti á að fjármálamarkaðurinn gegndi lykhillutverki og þar væri gríðarlegur vöxtur á framboði á umhverfisvænum afurðum.

Ein af ástæðunum fyrir aukinni löggjöf væri til að koma í veg fyrir grænþvott og Eva nefndi sem dæmi húsleit sem nýverið var hjá sjóðstýringarfyrtæki Deutsche Bank vegna þess að grunur var um að fullyrðingar um það hversu umhverfisvænar fjárfestingarnar væru, ættu sér ekki stoð. Þá hefði H&M í Hollandi verið skipað að taka út umhverfisfullyrðingar þar sem þau gátu ekki sýnt fram á að þær stæðust.

Hér á landi séu fjármálaefirlit Seðlabankans, ársreikningaskrá og neytendastofa meðal efirlitsaðila en fyrirtæki og stofnanir þyrftu að gæta vel að því hvaða fullyrðingar eru settar fram í skýrslum og styðja þær með gögnum ef þyrfti.

### Hraði breytinga

Hanna Björt Kristjánsdóttir, lögfræðingur hjá Marel, skrifaði meistararitgerð um sjálfbærni fyrir tveimur árum síðan og sagði hana vera nánast úrelta á þessum stutta tíma vegna þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hefðu. Meðal annars sæist þetta í nýjum ramma um græn evrópsk skuldabréf og í ófjárhagslegri upplýsingagjöf sbr. 66. gr. d. ársreikningalaga.

Hanna sagði ljóst að sjálfbærni væri ekki bara eitthvert tískuorð heldur myndi það koma til með að hafa áhrif á ákvarðanir sem eru teknar í framtíðinni á flestum sviðum. Áhrifin væru nú mest á fjármálamörkuðum og hjá fyrirtækjum en myndi koma til með að þróast.

[Unnur Lilja Hermannsdóttir](#)



F.v. Snjólaug Árnadóttir, Jóna Þórey Pétursdóttir, Hrafnhildur Bragadóttir og Kári Hólmar Ragnarsson.

# LOFTSLAGSBREYTINGAR FYRIR DÓMSTÓLUM

Frá því seint á níunda áratugnum hafa hátt í 2.100 dómsmál verið höfðuð í ólíkum lögsögum um heiminn þar sem loftslagsbreytingar hafa verið í forgrunni. Í seinni hluta málstofu, sem var undir stjórn Helgu Melkorku Óttarsdóttur lögmans á LOGOS, var fjallað um nokkur mikilvæg dómsmál sem hafa varpað ljósi á skyldur ríkja og fyrirtækja gagnvart loftslagsbreytingum.

## Af hamfarahlýnun og viðbrögðum alþjóðasamfélagsins

Dr. Snjólaug Árnadóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, lýsti í stuttu máli þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir og sagði að það væri loftslagskrísa í gangi. Við stefnum hratt í 3°C hlýnun sem mun hafa viðtækar og alvarlegar breytingar í för með sér, svo sem bráðnun hafiss og hækkun sjávarmáls. Þetta væri að gerast núna og væri að versna mjög hratt. Hún velti upp spurningunni hvernig alþjóðasamfélagið væri að takast á við þetta vandamál og taldi upp alþjóðlegu samningana; rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Kýótó-bókunina, sem var gerð til uppfærslu og Parísarsamninginn, sem leysti Kýótó-bókunina af hólmi. Markmiðið væri að halda hlýnun

innan 2°C, helst 1,5°C. Parísarsáttmálinn hefur verið gagnrýndur fyrir að fyrir að lögbinda ekki skýrar efnisreglur um samdrátt í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda og setja það frekar í hendur aðildarríkja að gefa út landsákvörðuð framlög. Þetta hefur ýtt undir öldu dómsmála þar sem aðilar telja að meira þurfi til að koma en þetta samkomulag. Þess má geta að Ísland hefur samið við ESB og Noreg um samstarf til útfærslu þessara skuldbindinga.

Snjólaug sagði mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) ekki innihalda nein ákvæði um umhverfisvernd en réttur til heilnæms umhverfis tengdist öðrum mannréttindum eða væri forsenda þess



að þeirra yrði notið. Í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um skyldu aðildarþjóða að vernda hafið þar sem ríki eiga að koma í veg fyrir og draga úr mengun sem hefur áhrif á hafið. 90% lífmassa jarðar er að finna í hafinu og það mun reyna á þetta í samhengi við loftslagsvandann.

Stjórnarskrá Íslands er ekki með nein ákvæði um loftslags- eða umhverfismál og hvað þá um innleiðingu loftslagsskuldbindinga á Íslandi. Þó má færa fyrir því rök að grundvallarmannréttindi sem felast í íslensku stjórnarskránni og MSE verði ekki tryggð nema ríkið tryggi líka rétt til heilnæms umhverfis, samkvæmt þjóðréttarvenju. Ríkisstjórnarsáttmálinn segir að loftslagsmál verði sett í forgang og loftslagslögin frá 2012 lögfesta markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040 en það er ekki víst að þetta nægi til að innleiða skyldur íslenska ríkisins samkvæmt milliríkjasamningum.

Það er valkvætt að fara með mál sem heyra undir rammisamning SP um loftslagsbreytingar og Parísarsamninginn fyrir dómstóla og hefur Ísland ekki skuldbundið sig til þess að hlíta lögsögu dómstóla um lagalegan ágreining á þessum sviðum. Hins vegar er Ísland aðili að MSE og er því bundið að lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE). Snjólaug segir að það sé áhugaverð þróun í gangi á þessum vettvangi því nú liggja fyrir efri deild MDE þrjú loftslagsmál. Í máli Klima Seniorinen gegn Sviss fyrir MDE eru kærundur svisslensk loftslagssamtök og konur á áttæðisaldri. Málatalbúnaður byggir á því að hamfarahlýnun hafi neikvæð áhrif á lífsskilyrði og heilsu kvennanna og varðar m.a. 2. gr. MSE um réttinn til lífs, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 14. gr. um bann við mismunum. Efri deild MDE hefur farið þess á leit að aðilar greini frá því hvort málið getið varðað 3. gr. MSE um bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Dómstóllinn er að ýta undir skapandi hugsun sem er að keyra áfram þróun loftslagsréttarins. Það er eins og lögmenn, fræðimenn og dómáramur séu að vinna saman að því að ná utan um þessi mál sem virðast að nokkru marki vera löggjafanum ofviða.

Snjólaug benti á að hafréttarsamningurinn væri mikilvægur vegna þess að hann kveður á um skyldubundna málsmeðferð sem leiðir til bindandi úrlausna. Öll aðildarríki samningsins, þ.m.t. Ísland, geti farið með mál fyrir Hafréttardóminn, Alþjóðadómstóllinn í Haag eða gerðardóm, ef þeir ramma deiluna inn sem hafréttardeilu. Þá ætti að vera hægt að fá dóm um það hvort ríki hafi staðið við loftslagsskuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum. Það hefur ekki reynt á þetta með beinum hætti en það er mál í undirbúningi um að fá úr því skorið, með ráðgefandi áliti frá Hafréttardóminum, hvort þetta sé tækt, þ.e. að lesa Parísarsamninginn inn í þessar umhverfisskyldur hafréttarsamningsins.



Ingi Poulsen.

Önnur herferð er í gangi um að fá ráðgefandi álit frá Alþjóðadómstólnum í Haag til að skilgreina réttindi og skyldur ríkja í tengslum við loftslagsbreytingar. Alþjóðadómstóllinn gæti horft á allar réttarheimildir sem tengjast loftslagsréttinum en ekki bara á hafréttinn. Hins vegar er ókostur að það kallar á stuðning fleiri ríkja á meðan örfá ríki geta samið um að biðja Hafréttardóminn um álit.

Snjólaug kvaðst binda vonir við að þessi ráðgefandi álit opni flóðgáttir á mál fyrir dómstólum vegna skyldna í loftslagsmálum.

### Áhugaverðar málssóknir vegna loftslagsvandans

Ingi Poulsen, lögmaður og doktorsnemi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, benti á þjóðir heimsins hafi lengi reynt að sporna gegn loftslagsbreytingum og þrátt fyrir þrjátíu ára samstarf á alþjóðlegum vettvangi hafi ekki tekist að ná árangri í þeirri baráttu. Afleiðing þessa væri sú að fjölmargir ólíkir aðilar, fólk, fyrirtæki og stjórnvöld hafi snúið sér að dómstólum í þeirri viðleitni að knýja fram aðgerðir og árangur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Dómstólar væru því farnir að leika lykilhlutverk í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og í dag séu svokölluð loftslagsmál orðin að sérstöku viðfangsefni lögfræðinnar.

Seint á níunda áratugnum fóru fyrstu loftslagsmálin að líta dagsins ljós í Bandaríkjunum en lengst framan af hafi lítill árangur náðst í þeim málarekstri enda hafi þau mætt áskorunum vegna álitaefna í tengslum við aðild, sönnun og ekki hvað síst

sökum þess að dómstólar hafi ekki talið það vera í hlutverki sínu að fjalla um loftslagsbreytingar. Árið 2007 hófst önnur bylgja en þá fjölgaði loftslagsmálum fyrir dómstólum enda loftslagsvísindin orðin betri og aðgengilegri auk þess sem sífellt fleiri ríki hefðu sett ákvæði um umhverfið í stjórnarskrár sínar.

Frá árinu 2015 hafi svo orðið sprenging í fjölda loftslagsmála sem má leiða til gildistöku Parísarsamningsins. Samningurinn mætti andstöðu þar sem hann var ekki talinn nægilega afgerandi hvað varðar réttindi og skyldur ríkja gagnvart loftslagsbreytingu og því hafi það komið í hlut dómstóla að skýra þau réttindi og skyldur. Langsamlega flest mál snúa að því að knýja ríki og fyrirtæki til aðgerða, athafna eða jafnvel athafnaleysis með að markmiði að tryggja framgang í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Einnig eru málsóknir frá t.d. fyrirtækjum sem fá ekki starfsleyfi vegna aðgerða hins opinbera í loftslagsmálum.

Mál sem eru höfðuð gegn ríkjum byggja oftast en ekki á því að ríkið hafi ekki dregið nægjanlega úr losun gróðurhúsalofttegunda á einhverju tímabili, hafa ekki náð að uppfylla eigin markmið í losun eða séu ekki með nægjanlega metnaðarfull markmið. Sem dæmi er mál Urgenda (The Dutch Urgenda Foundation) gegn hollenska ríkinu sem lauk með dómi Hæstaréttar í Hollandi árið 2019. Hollenska ríkið var ekki mjög metnaðarfullt í loftslagsmarkmiðum sínum og gerði ráð fyrir því að stór hluti af árangrinum myndi nást mjög seint í tímalínunni sem þeim var gefið til að standa við skuldbindingar. Umhverfisverndarsamtök höfðuðu þá mál og kröfðust þess að hollenska ríkinu yrði gert að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2020 en til vara um 25%, miðað við árið 1990. Niðurstaðan var að hollenska ríkinu bæri að draga úr losun. Dómurinn sló því föstu að forsenda þess að halda meðaltalshlúnun jarðar innan við 2°C frá upphafi iðnbýltingar væri að öll þróuð ríki drægju úr 25-40% fyrir árið 2020 í samræmi við niðurstöðu milliríkjaneftdar Sameinuðu þjóðanna (IPCC). Stefna Hollands dygði ekki til að tryggja réttinn til lífs og réttindi til friðhelgis einkalífs, fjölskyldu og heimilis samkvæmt 2. og 8 gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Lögmenn Urgenda gáfu í kjölfarið út leiðarvísi um hvernig ætti að stefna ríkjum í málum af þessum toga og hafa í kringum 40 mál verið höfðuð í fjölmörgum lögsögum um heiminn sem byggja á málgrundvelli Urgenda-málsins.

Í framhaldi af því að loftslagsbreytingar og mannréttindi voru tengd saman fóru lögmenn enn frekar að hugsa út fyrir boxið og t.d. fóru umhverfisverndarsamtök, einstaklingar o.fl. í mál gegn olíufyrirtækinu Shell. Í málinu var á því byggt að Shell hefði lengi vitað af loftslagsbreytingum en veitt misvísandi upplýsingar um þær og ekkert gert til að draga úr áhrifum sínum á þær. Með því töldu þessir aðilar fyrirtækið hafa lagt

borgara Hollands í hættu. Í mars sl. kom dómur undirréttar í Haag og var niðurstaðan sú að Shell væri bundið af ólögfestri aðgæsluskyldu í skaðabótarétti. Dómurinn dró eitt og annað til; Parísarsamninginn og mannréttindaskuldbindingar sem skýrðu almennu lögin en stuðst var við bestu fánlegu vísindi. Þarna var því slegið föstu að það væri alþjóðlegt sammæli um að mannréttindi veittu vernd gegn hættulegum afleiðingum af völdum loftslagsbreytinga og fyrirtæki ættu að virða þau réttindi. Það hefði þýðingu við túlkun á aðgæsluskyldunni. Dómurinn vísaði m.a. í meginreglur Sameinuðu þjóðanna og komst að þeirri niðurstöðu að Shell bæri skylda til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 45% fyrir árið 2030 í öllu umfangi. Að mati Inga eru þetta stórkostlegar fréttir enda í fyrsta sinn sem fyrirtæki er gert að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og það á þeim grundvelli að því beri að virða mannréttindi. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og vænta má dóms í því seint á árinu 2023 eða í byrjun árs 2024.

Það sem meira er þá tilkynntu alþjóðlegu umhverfisverndarsamtökin ClientEarth fyrir skömmu að þau hefðu, í krafti stöðu sinnar sem hluthafar í Shell, tilkynnt framkvæmdastjórn félagsins að þau hygðust höfða mál gegn einstökum stjórnarmönnum persónulega á þeim grundvelli að þeir hefðu brotið gegn starfsskyldum sínum samkvæmt félagarétti með því að hafa ekki undirbúið fyrirtækið nægjanlega vel fyrir orkuskiptin og þannig ekki gert félagið framtíðarhelt. Að stjórnarmennirnir hafi ekki unnið að og innleitt loftslagsstefnu sem samrýmist Parísarsamningnum og ekki sinnt nægilega áhættustjórnun innan félagsins.

Ingi benti á að lögfræðingar gegni lykilhlutverki í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hvatti hann málstofugesti til að velta fyrir sér hvaða erindi þau ættu í þessari baráttu.

### Möguleikar á framfylgd hér á landi

Dr. Kári Hólmar Ragnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði um réttarfarslegar áskoranir við höfðun loftslagsmála á Íslandi. Hann taldi að einfaldara væri að fara með mál gegn loftslagsaðgerðum fyrir dómstóla, samanborið við dómsmál með aðgerðum, þ.e. þeim sem ætlað er að láta reyna á hvort aðgerðir væru fullnægjandi eða nægilega metnaðarfullar. Urgenda málið væri steríótýpa fyrir eina tegund, þar sem farið væri í heildarstefnumörkun ríkisins og sagt „þetta er ekki nóg“. Síðan væri allt önnur tegund, gegn einstaka framkvæmdum, starfsleyfum og framkvæmdaleyfum. Kári taldi hvað erfiðast væri að fara með mál líkt og Urgenda málið fyrir íslenska dómstóla, þegar horft væri til lögvarinna hagsmuna, en finna þyrfti nálarauga til að koma slíkum málum fyrir dóm og fá efnisúrlausn. Einfaldara væri að láta reyna á einstaka ákvarðanir, t.d. um



framkvæmdir eða útgáfu leyfa. Hins vegar væru margvísleg réttarfarsleg atriði sem hefðu leitt til frávísunar slíkra mála í byrjun, eins og til dæmis Kárahnjúkamálsins, Óttarstaðamálsins o.fl. Hann benti á að löggjafinn gæti gert fólki auðveldara til að láta reyna á svona mál.

Jóna Þórey Pétursdóttir, lögfræðingur og ungmennafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum, benti á að með ályktun Sameinuðu þjóðanna frá júlí 2022 hafi rétturinn til heilnæms umhverfis verið staðfestur, sem hefðu verið bein viðbrögð við loftslagsbreytingum. Álitid var samþykkt án andmæla sem staðfestir að þetta er venjuréttur og samstaða um það meðal þjóða að þetta er réttur sem er til. Í fyrsta sinn væri verið að tilgreina sérstaklega að þetta væri sjálfstæður réttur en engu að síður lögð áhersla á að þetta væri háð öðrum mannréttindum. Þá væri sérstaklega tekið fram að þetta ætti tengsl við önnur lagakerfi. Verið væri að samtvinna umhverfisréttinn og mannréttindin. Margt væri að gerast á vettvangi Evrópusambandsins og áhugavert væri að MDE leiti eftir því hvernig málið gegn Sviss snúi að 3. gr. MDE um bann við pyndingum, af því að það sé fortakslaus regla og kunni að leiða til þess að það verði ansi strangt hvernig bregðast þurfi við.

Hrafnhildur Bragadóttir, aðjúnkt og doktorsnemi við lagadeild Háskóla Íslands, greip boltann varðandi möguleika á meðferð íslenskra dómstóla í svona málum. Á Íslandi væri nærtækast að skoða leyfismál, skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum. Það væri athyglisvert að sjá að stærsti málaflokkurinn, þegar skoðaður væri gagnabanki fyrir loftslagsmál (meðal annars þann sem er á vegum Sabin stofnunar Columbia háskóla í Bandaríkjunum), væru leyfisveitingar og mat á loftslagsáhrifum. Íslendingar gætu

lært margt af löndum þar sem væru komnar skýrari kröfur til stjórnvalda og fleiri aðila um að taka ákvarðanir byggðar á mati á loftslagsáhrifum, mati á áhrifum á aðlögunarhæfni og viðnámsþrótti samfélagsins. Hrafnhildur benti einnig á að tíminn ynni ekki með okkur, það þyrfti að innfela þessa þætti á mati á aðgerðum og framkvæmdum. Hún benti á að það væri sóknarfæri fyrir löggjafann að forðast sambærileg mál hér á landi og hafi verið að sækja í sig veðrið erlendis.

Það er nokkuð ljóst að fjöldi mála tengdum loftslagsvandnum kemur til með að aukast hér á landi á næstu árum. Fyrirtæki eru farin að huga að þessum þáttum í auknum mæli í sínum rekstri en allir þurfa að leggja sín lóð á vogarskálarnar, stjórnvöld, lögfræðingar og samfélagið allt, til að vinna gegn hamfarahlýnun.

[Unnur Lilja Hermannsdóttir](#)

# Ásar – Þýðingar og túlkun slf.

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi, EU-ACI

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.  
Aðili að rammisamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Reykjavík » Sími: 897 2717  
Netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# LAGADAGURINN Í MYNDUM

Að þessu sinni er einungis fjallað um hluta af málstofum Lagadagsins 2022 í Lögmannablaðinu en úr mörgu var að velja. Hinum verða stuttlega gerð skil.

## Landsréttur slítur barnsskónum

Málstofa um dómsskerfið var undir styrkri stjórn Stefáns A. Svanssonar lögmanns hjá Juris en hann var jafnframt veislustjóri kvöldsins. Í fyrri hlutanum var fjallað um hverju Landsréttur, sem hefur nú slitið barnsskónum, hefur breytt í íslensku réttarkerfi. Framsöguerindi fluttu þau Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður hjá Rétti lögmannsstofu og formaður LMFÍ, Ása Ólafsdóttir hæstaréttardómari og formaður réttarfarsnefndar og Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari hjá ríkissaksóknara. Í panil voru þau Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar, Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands og Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson.

Í seinni hluta málstofunnar fjölluðu Sindri M. Stephensen dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Víðir Smári Petersen dósent við lagadeild Háskóla Íslands um endurupptöku dóma í tengslum við dómaframkvæmd endurupptökudóms.



F.v. Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, Ása Ólafsdóttir, Sigurður Örn Hilmarsson, Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir, Hervör Þorvaldsdóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson.



Víðir Smári Petersen.



Sindri M. Stephensen.



Stefán Andrew Svansson.

## Réttarvörslukerfið á tímum samfélagsbreytinga

Í fjölmennustu málstofu Lagadagsins var rætt um útilokunarmenningu, tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs á tímum samfélagsmiðla. Leitað var út fyrir raðir lögfræðinga og voru þeir Rúnar Helgi Vignisson, prófessor í ritlist við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, og dr. Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, með framsöguerindi auk dr. Margrétar Einarsdóttur, prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Í panil voru þau Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Halldóra Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Heiðrún Jónsdóttir lögmaður stjórnaði málstofunni af stakri snilld.



F.v. Hafsteinn Þór Hauksson, Halldóra Þorsteinsdóttir, Margrét Einarsdóttir og Róbert H. Haraldsson.



F.v. Heiðrún Jónsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson.



F.v. Þorsteinn Gunnarsson, Guðríður Lára Þrastardóttir, Kristín Völundardóttir, Claudia Wilson, Árni Helgason og Svala Ólafsdóttir.

## Útlendingaréttur

Sjaldan eða aldrei hafa fleiri flutt til Íslands og því var úmabært að hafa sérstaka málstofu helgaða málaflöknum. Rætt var um réttarstöðu flóttamanna, umsækjenda um alþjóðlega vernd og innflytjenda. Einnig um hvort lög um útlendinga séu í stakk búin til að takast á við áskoranir framtíðarinnar og hvort endurskoða þyrftu reglur um alþjóðlega vernd, dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Stafræn innleiðing umsókna og gagnvirk samskipti við Útlendingastofnun var kynnt og í lokin fjallað um aðgerðir stjórnvalda í mansmálum og um fylgdarlaus börn. Þátttakendur voru þau Claudia Wilson lögmaður hjá Claudia & Partners Legal Services, Guðríður Lára Þrastardóttir lögfræðingur, f.v. teymisstjóri hjá Rauða krossinum í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingastofnunar og Þorsteinn Gunnarsson formaður kerunefndar útlendingamála. Þá fjallaði Svala Ólafsdóttir lögfræðingur, sem á m.a. sæti í GRETA, sérfræðingahópi Evrópuráðsins, um aðgerðir gegn mansali. Málstofustjóri var Árni Helgason lögmaður hjá JÁS lögmonnum.

## Vendingar í regluverki fjártækniheimsins

Alexandra Andhov fjallaði um nýsköpun í fjártækniheiminum; bálkakeðjutæknina og hvernig hún virkar í framkvæmd, eins þegar gerningar og viðskipti fara fram á rauntíma. Mikið regluverk er í kringum banka og fjármálastarfsemi sem að lítil fyrirtæki í fjártækni þurfa einnig að uppfylla en það á eftir að koma í ljós hvernig þeim verður gert kleift að starfa.

## Opinber störf

Fjallað var um opinber störf út frá skipun, setningu, ráðningu og uppsögnum. Spurt var hvort stjórnendur sniðgengu reglur um ráðningar þótt vilji löggjafans væri skýr og hvort reglur um opinbera starfsmenn væru barn síns tíma. Það sköpuðust liflegar umræður undir styrki stjórn Kristbjargar Stephensen en væntanlega mun verða umfjöllun um málstofuna í næsta



Alexandra Andhov lögfræðingur og prófessor við Kaupmannahafnarháskóla.



F.v. Stefán Eiríksson, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, Skúli Magnússon, Gunnar Björnsson, Leifur Geir Hafsteinsson, Auður Bjarnadóttir og Kristbjörg Stephensen.

Lögmannaþingi. Framsöguerindi fluttu þeir Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis og Leifur Geir Hafsteinsson vinnusálfræðingur en í panil sátu Auður Bjarnadóttir ráðgjafi hjá Vinnvinn, Fanney Rós Þorsteinsdóttir ríkislögmaður, Gunnar Björnsson sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármálaráðuneyti og Stefán Eiríksson útvarpsstjóri.



# ÓÞREYJU GÆTIR VARÐANDI TÆKNI- VÆÐINGU DÓMSTÓLANNA

Í vor framkvæmdu dómstólarnir í þriðja sinn þjónustu- og ímyndarkönnun meðal lögmanna og sækjenda. Úrtakið var 1108 einstaklingar og svöruðu 388 eða 35%, sem er aðeins meira en þegar sambærileg könnun var framkvæmd árið 2019. Spurt var um ánægju með ýmsa þjónustubætti dómstólanna og traust hjá öllum dómstigum.

Traust lögmanna og ákæranda hefur aukist til allra dómstiga frá könnuninni árið 2019. Heilt yfir hefur ánægja með þjónustu Landsréttar og Hæstaréttar minnkað en héraðsdómstólarnir standa í stað. Í könnuninni var auk þess spurt um mat á málsmeðferðartíma, rökstuðning dóma, ánægju með tæknilegan aðbúnað, vefsíður dómstólanna og aðra einstaka þjónustubætti. Að sögn Kristínar Haraldsdóttur framkvæmdastjóra dómstólasýslunnar er afar mikilvægt fyrir dómskerfið að fá endurgjöf með þessum hætti: „Við erum auðvitað ánægð með aukna þátttöku í könnuninni og viljum nota tækifærið til að þakka lögmönnum og ákærendum kærlega fyrir svörin.“

*Vakti eitthvað sérstakt athygli ykkar hjá dómstólasýslunni varðandi könnunina?*

Um langflest eru niðurstöðurnar jákvæðar. Þær sýna að lögmenn og ákærendur bera mikið traust til dómstólanna og að almennt ríki ánægja með þjónustu þeirra. Traust til Hæstaréttar hefur vaxið og helst nánast óbreytt gagnvart Landsrétti og héraðsdómstólunum. Þá vakti það athygli okkar hve ríka áherslu lögmenn og sækjendur leggja á stafrænar umbætur í opnum svörum við spurningunum. Það kemur raunar ekki á óvart og er í samræmi við okkar áherslur.

*Nú er traust til héraðsdómstóla og Hæstaréttar yfir 80% á móti 72% hjá Landsrétti. Hvernig stendur á þessu?*

Það er erfitt að gefa einhlítar skýringar á þessum mun og ekki auðvelt að bera dómstigin saman. Hæstiréttur er æðsta dómstig landsins og því afar jákvætt að hann nýtur mikils trausts. Það er stutt síðan Landsréttur hóf starfsemi og það er ekkert launungarmál að hann hefur ekki getað starfað af fullum krafti allan tímann.

*Nú töldu 63% þátttakenda málsmeðferðartíma of langan hjá héraðsdómstólum og 83% hjá Landsrétti. Á sama tíma töldu einungis 14% þátttakenda málsmeðferðartíma of langan hjá Hæstarétti. Hvað veldur þessu misræmi milli dómstiga og eruð þið að skoða með hvaða hætti er hægt að stytta málsmeðferðartímann?*

Viðhorfið til málsmeðferðartíma er eins og þú bendir á ólíkt eftir dómstigum. Eins ítreka ég að það er erfitt að bera dómstigin saman þar sem málsmeðferð og verkefni á hverju dómstigi eru ólík.

Það er kannski líka nokkur einföldun að leggja saman hlutfall þeirra sem svöruðu að þeir teldu málsmeðferðartíma „ívið of langan“ og þeirra sem töldu hann „alltof langan“. Við viljum auðvitað að hlutfall þeirra sem telja málshraðann alltof langan sé sem lægst og að sem flestir telji málshraðann hæfilegan. Það



**Kristín Haraldsdóttir.**

kemur svo kannski ekki mjög á óvart að margir svari því að málshraðinn sé „ívið of langur“. Flestir vilja jú fá sem hraðasta afgreiðslu sinna mála.

Ef við greinum svörin nánar í héraði má sjá að af þeim 63%, sem töldu málsmeðferðartímann of langan í héraði, voru það 19% sem töldu hann alltof langan og 44% sem töldu hann ívið of langan. 36% töldu hann hæfilegan. Þessi svör eru talsvert jákvæðari en í könnuninni 2019. Þetta er reyndin þrátt fyrir að málsmeðferðartíminn hafi í raun breyst lítið í héraði á þessu tímabili.

Hvað Hæstarétt snertir er ánægjulegt að sjá að hlutfall þeirra sem telja málshraðann hæfilegan er enn herra en í síðustu könnun. Rétturinn afgreiðir málin sem honum berast á tíma sem flestir telja hæfilegan og er innan settra viðmiða.

Viðhorf til málsmeðferðartíma hjá Landsrétti hefur hins vegar breyst til hins verra. Þessi viðhorfsbreyting endurspeglar þróun málshraða hjá réttinum. Eins og ég nefndi áðan má ætla að meginskýringin sé að dómstóllinn hefur lengst af ekki verið fullmannaður. Ástæða er til að ætla að þróunin verði jákvæðari í náinni framtíð.

Dómstólasýslan tekur reglulega saman tölfræði um málafjölda og málsmeðferðartíma. Tölfræði um málsmeðferðartíma í sakamálum í héraði á síðustu árum sýnir að hann hefur oftast verið nálægt viðmiðum dómstólasýslunnar um hæfilegan meðal málshraða sem er 100 dagar. Meðal málsmeðferðartími í munnlega fluttum einkamálum í héraði hefur hins vegar verið um 350-370 dagar síðustu fimm ár. Það er nokkuð yfir settu viðmiði sem er 300 dagar. Töluverð fækkun í munnlega fluttum einkamálum, einkum síðustu tvö ár, virðist ekki hafa haft áhrif á málsmeðferðartímann. Það vekur upp spurningar um hvað veldur. Í því sambandi er rétt að nefna að dómstólasýslan ákvað á síðasta ári að setja saman hóp, til að leita skýringa á þróuninni og kanna mögulegar úrbætur, sem er nú að störfum.

Því má bæta við að ýmis tækifæri felast í stafrænni málsmeðferð og þá ekki síst í aukinni skilvirkni við birtingar og þingfestingar en líka í stafrænum samskiptum undir rekstri málanna. Unnið er að því hjá dómstólasýslunni að greina hvaða breytingar við viljum að verði gerðar á málsmeðferð í stafrænu kerfi þannig að ná megi aukinni skilvirkni án þess þó að fórna réttaröryggi.



# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

## Héraðsdómstólar

81% lögmanna og sækjenda eru ánægð með þjónustu héraðsdómstólanna en hlutfallið var 84% árið 2019 og 86% árið 2016. Þá finnst 63% þátttakenda málsmeðferðartími vera ívið og eða allt of langur á móti 71% árið 2019. Þá bera 81% traust til héraðsdómstólanna.

87% segja málsmeðferð við héraðsdómstólana vera réttláta og opinbera og 84% að dómara séu sjálfstæðir í dómstörfum. Þá telja 70% að dómur/úrskurðir séu rökstuddir með fullnægjandi hætti.

Almenn ánægja er með viðmót starfsmanna, þ.m.t. dómara og afgreiðslutíma erinda og/eða fyrirspurna. 56% voru ánægð með öryggismál í dómshúsi héraðsdómstólanna og 47% voru ánægð með tæknilegan aðbúnað í dómsal.

## Landsréttur

71% lögmanna og sækjenda eru ánægð með þjónustu Landsréttar en hlutfallið var 78% árið 2019. Þá finnst 83% þátttakenda málsmeðferðartími vera ívið of eða alltof langur. Þá bera 72% traust til Landsréttar.

88% segja dómara og starfsmenn vinna störf sín að heilindum, virðingu og heiðarleika og gæta fyllsta trúnaðar og 83% að dómara séu sjálfstæðir í dómstörfum. Þá telja 80% að málsmeðferð við Landsrétt sé réttlát og opinber en 70% að dómur/úrskurðir séu rökstuddir með fullnægjandi hætti.

Almenn ánægja er með viðmót starfsmanna og dómara. Þá er sömuleiðis ánægja með afgreiðslutíma erinda/fyrirspurna, tæknilegan aðbúnað og vefsíðu.

## Hæstiréttur

82% lögmanna og sækjenda eru ánægð með þjónustu Hæstaréttar en hlutfallið var 85% árið 2019. 82% telja málsmeðferðartíma hæfilegan og 89% bera traust til Hæstaréttar.

92% segja dómara og starfsmenn vinna störf sín að heilindum, virðingu og heiðarleika og gæta fyllsta trúnaðar og 86% að dómara séu sjálfstæðir í dómstörfum. Þá telja 90% að málsmeðferð við Hæstarétt sé réttlát og opinber sem og að dómur/úrskurðir séu rökstuddir með fullnægjandi hætti.

Almenn ánægja er með viðmót starfsmanna og dómara. Þá er ánægja með afgreiðslutíma erinda/fyrirspurna, tæknilegan aðbúnað og vefsíðu. Þó má greina meiri óánægju með tæknilegan aðbúnað í dómsal hjá yngri lögmennum.

*Nú telja 70% þátttakenda að dómur/úrskurðir séu rökstuddir með fullnægjandi hætti hjá héraðsdómstólum og Landsrétti á meðan þetta hlutfall er 90% hjá Hæstarétti. Hvað veldur?*

Eins og ég hef nefnt þá held ég að við samanburð á dómstigunum verði að horfa til mismunandi hlutverks þeirra og verkefna. Það er mjög jákvætt að sjá 90% hlutfall hjá Hæstarétti. Ég er ekki viss um að það sé raunhæft að gera kröfur um svo hátt hlutfall hjá öðrum dómstigum.

*Ánægja varðandi tæknilegan aðbúnað héraðsdómstólanna hefur minnkað örlítið milli kannanna (nú voru 47% ánægðir en 51% árið 2019) þrátt fyrir að þeir hafi verið að tæknivæðast á þessum árum.*

Það er búið að vinna mikla vinnu við að tæknivæða héraðsdómstólana og þar með leggja grundvöllinn fyrir frekari stafræna þróun. Tæknivæðingin hefur vissulega ekki gengið alveg hnökralaust en það er þó alveg ljóst að dómstólarnir eru almennt

búnir betri tæknilausnum, tækjum og búnaði nú en 2019, svo ekki sé talað um nokkrum árum fyrr. Það kann að vera að það gæti óþreyju þar sem væntingar hafi verið um meiri breytingar á skemmri tíma. Það er búið að tala um stafræna þróun og ýmsan ávinning sem fylgir henni, en fólk finnst kannski ekki ganga nógu hratt. Þessi óþreyja birtist í svörum við opnum spurningum í könnuninni þar sem kallað var eftir notkun stafrænna lausna. Þessi óþreyja er skiljanleg og við finnum sjálf fyrir henni hjá okkur í dómskerfinu. Það má búast við því að afgerandi skref verði tekin núna á næstu misserum sem beðið hefur verið eftir.


Hægt er að skoða niðurstöður könnunarinnar á heimasíðu dómstólasýslunnar.

EU

# Umhverfislausnir fyrir skrifstofur

Terra Efnaeyðing býður upp á örugga förgun og endurvinnslu spilliefna, endurvinnsluefna og trúnaðarskjala sem til falla á skrifstofum.

Við útvegum ílát og sækjum!





# SKIPUNARFERLI SKIPTASTJÓRA OG AÐFINNSLUMÁL

VIÐTAL VIÐ BJARKA MÁ MAGNÚSSON, FULLTRÚA HJÁ LOGOS LÖGMANNSÞJÓNUSTU

Skipun skiptastjóra hefur um langt skeið verið gagnrýnd af lögmonnum sem hafa margir hverjir fundið að ógagnsæi við skipun skiptastjóra, mismunun í tengslum við fjölda úthlutaðra þrotabúa auk þess sem kynjasjónarmið hafa verið rædd. Jafnframt hafa kröfuhafar, gjaldþrota aðilar sem og lögmenn gagnrýnt hversu mikið þurfi að koma til svo skiptastjóri hljóti aðfinnslur eða sé vikið úr starfi.

Á vormánuðum skrifaði Bjarki Már Magnússon lögfræðingur M.L. ritgerð við lagadeild Háskólans í Reykjavík sem ber heitið „Skiptastjórar í þrotabúum - skipun skiptastjóra, aðfinnslur og brottvikning“ en hann hefur meðfram námi og eftir útskrift aðstoðað lögmenn hjá LOGOS við skiptastjórn í þrotabúum.

Bjarki Már fékk aðgang að gögnum hjá héraðsdómstólum sem hann vann síðan úr og greindi í rannsóknarvinnu sinni. Lögmennablaðið spurði Bjarka Má út í ritgerðina.



*Að hverju sneri rannsóknin og hverjar eru helstu niðurstöður?*

Rannsóknin sneri annars vegar að skipun skiptastjóra og hins vegar aðfinnslumálum. Niðurstöður voru margvíslegar. Má þar nefna að héraðsdómur gæti gætt betur að hæfi skiptastjóra áður en skipun fer fram. Æskilegt væri að bæta verklag hvað varðar utanumhald varðandi upplýsingar um skiptastjóra, upplýsingar sem liggja þurfa til grundvallar við val á þeim skv. leiðbeinandi reglum um skipun skiptastjóra og umsjónarmanns með nauðasamningsumleitunum nr. 2/2019. Ég tel að leiðbeinandi reglur um skipun skiptastjóra hafi verið til verulegra bóta en þó eru ýmis atriði sem þarf að skoða betur. Til að mynda mætti skipta þeim sjónarmiðum sem leggja þarf til grundvallar við skipunina í áhersluröð auk þess sem það væri til bóta ef reglur yrðu settar um aðstöðu skiptastjóra þegar um er að ræða stærri bú. Þá má velta því upp hvort þörf sé á heimild fyrir héraðsdómstóla að víkja skiptastjóra af skiptastjórastíðunum tímabundið, hafi hann brotið af sér í starfi.

Til viðbótar við þetta má nefna að það kom á óvart hve mikla áherslu dómstólar á landsbyggðinni leggja á að skipa lögmennt sem hafa starfsstöðvar í þeirra umdæmi. Að mínu mati ætti það ekki að vera ráðandi sjónarmið við skipun skiptastjóra.

*Hafa rannsóknir áður verið gerðar á málum sem tengjast aðfinnslum við störf skiptastjóra?*

Eftir því sem ég best veit er sú rannsókn sem ég framkvæmdi á aðfinnslumálum sú fyrsta sem gerð hefur verið og kom það verulega á óvart í ljósi fjölda aðfinnslumála sem hafa komið til kasta dómstóla og þeirra hagsmuna sem kunna að vera undir. Hér má nefna að nú liggja fyrir andstæðar niðurstöður í dómsmálum varðandi aðild að aðfinnslumálum svo nokkur réttaróvissa er til staðar. Er ég þar að vísa til þess að Landsréttur komst að því í málum nr. 81/2019 og 647/2020 að krafa kröfuhafa þurfi að vera samþykkt til að hann geti átt aðild að aðfinnslumáli. Héraðsdómur Reykjavíkur hefur aftur á móti komist að andstæðri niðurstöðu, þrátt fyrir að fyrirnefnd nýleg fordæmi Landsréttar hafi legið til grundvallar. Eftir skoðun mína á málinu tel ég að rök standi til þess að niðurstöður héraðsdóms séu réttar og að það fái stöð í lögskýringargögnum. Að auki eru málsmeðferðarreglur aðfinnslumála að mínu mati óljósar og tel ég að þörf sé á endurskoðun þeirra.

*Telur þú að of litlar kröfur séu gerðar til skiptastjóra?*

Niðurstöður aðfinnslumála gefa til kynna að of litlar kröfur séu gerðar til skiptastjóra, en mjög mikið þarf til að koma svo að skiptastjóri hljóti aðfinnslur og miðað við úrskurðarframkvæmd er nánast ómögulegt að víkja skiptastjóra úr starfi. Varðandi skipun skiptastjóra, þá er hægt að færa rök fyrir því þegar kemur að stærri þrotabúum, að þau eigi að fara til reynslumikilla

lögmannna sem búa yfir mikilli sérþekkingu og í ljósi þess mætti gera strangari hæfiskröfur til skiptastjóra í slíkum þrotabúum.

*Hvaða breytingar telur þú að gera þurfi til að bæta úr?*

Til að bæta úr þeim annmörkum sem fjallað er um í ritgerðinni væri þörf á annars vegar lagabreytingu og hins vegar verklagsbreytingu hjá dómstólum.

Í fyrsta lagi tel ég umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að löggjafinn ákveði að úthlutun þrotabúa skuli eingöngu vera til lögmannna. Samkvæmt núgildandi lögum um gjaldþrotaskipti er það ekki skilyrði að einstaklingur sé lögmaður til að fá úthlutað þrotabúum, heldur að hann hafi lokið meistaranámi í lögfræði. Í framkvæmd eru þó aðeins lögmennt skipaðir skiptastjórar og vísa leiðbeinandi reglur um skipun skiptastjóra jafnframt til lögmannna, en ekki lögfræðinga. Í öðru lagi tel ég þörf á að endurskoða málsmeðferðarreglur sem gilda um aðfinnslumál á grundvelli 76. gr. gþl. en ég fjalla um rökin fyrir því í ritgerðinni. Í þriðja lagi má velta því upp hvort ekki sé þörf á lagabreytingu svo ekki sé til staðar réttaróvissa varðandi aðild að aðfinnslumálum. Einnig tel ég nauðsynlegt að það sé skoðað hvort ekki sé rétt að birta ákvarðanir og úrskurði héraðsdóms í aðfinnslumálum. Það væri að mínu mati til bóta að úrlausnir yrðu birtar svo læra mætti af þeim. Að lokum tel ég þörf á að bæta við ákvæði í 76. gr. gjaldþrotalaga þess efnis að ef skiptastjóri segir starfinu lausu, eða er vikið úr starfi, beri honum að afhenda héraðsdómi öll gögn sem hann hefur undir höndum sem tengjast skiptunum. Slíku ákvæði er ekki að dreifa í núgildandi löggjöf, en slíkt ákvæði má finna í dönsku gjaldþrotalögnum.

Það er ekki í öllum tilvikum þörf á lagabreytingum. Dómstólar gætu til dæmis breytt verklagi sínu með þeim hætti að hafa samband við lögmann áður en hann er skipaður skiptastjóri svo hann geti kannað hæfi sitt. Að auki gæti dómstólasýslan breytt leiðbeinandi reglum um skipun skiptastjóra telji hún þörf á frekari reglum.

### **Hagsmunir kröfuhafa ættu að vega þyngra**

*Hvernig telur þú að hagsmunum kröfuhafa sé best borgið varðandi skiptastjórn þrotabúa?*

Það fer eftir umfangi gjaldþrotaskiptanna. Í stærri þrotabúum er að mínu mati nauðsynlegt að fá reynslumikinn lögmann til að annast gjaldþrotaskiptin og þá væri gott að líta til sérfræðiþekkingar lögmannsins við mat á því hvort hann sé réttur aðili til að skipta viðkomandi þrotabúi. Ekki er þó alltaf þörf á slíkum skiptastjóra, t.d. í þrotabúum þar sem litlar sem engar eignir eru til staðar og fyrir séð að ekki þurfi að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir við endurheimt verðmæta. Héraðsdómarar og aðstoðarmenn dómara, mættu leggja ríkari áherslu

á reynslu og sérfræðiþekkingu skiptastjóra þegar um er að ræða stærri þrotabú og að sjónarmið um búsetu skiptastjóra og jafnræði milli lögmanna við úthlutun búa ættu að mínu mati að hafa minna vægi. Með öðrum orðum tel ég að hagsmunir kröfuhafa í stórum búum til að fá hæfasta skiptastjóran eigi að veða þyngra heldur en sjónarmið um að úthluta lögmönnum þrotabúum á grundvelli jafnræðissjónarmiða.

*Ætti skiptabeidandi, eða eftir atvikum aðrir kröfuhafar, að hafa eitthvað um það segja hvern dómari skipar sem skiptastjóra?*

Reglurnar hvað þetta varðar eru mismunandi á milli landa. Í Danmörku gefst kröfuhöfum til að mynda ákveðið tækifæri til að hafa áhrif á hvaða skiptastjóri er skipaður. Sjónarmiðin sem lögð eru til grundvallar á Íslandi styðja frekar við það að skiptastjóri gæti hagsmuna allra kröfuhafa frekar en að leggja áherslu á hagsmuni stærstu kröfuhafanna á kostnað annarra. Ég tel að íslenska leiðin hafi virkað vel hingað til og að þau úrræði sem kröfuhafar hafa til að setja út á störf skiptastjóra séu að mestu fullnægjandi.

### Sérfræðiþekking skiptastjóra

*Nú kemur fram í rannsókninni að sérfræðiþekkingu skiptastjóra sé ekki haldið markvisst til haga, ættu dómstólarnir að standa betur að verki?*

Þau sjónarmið sem koma fram í leiðbeinandi tilmælum um skipun skiptastjóra eru til mikilla bóta að mínu mati, en þó skortir samræmt utanumhald á þessum upplýsingum hjá dómstólum. Dómstólasýslan gæti t.d. búið til sameiginlegan gagnagrunn fyrir alla dómstólana þar sem haldið væri til haga þeim upplýsingum um skiptastjóra sem dómstólar þurfa að halda utan um, s.s. reynslu, fjölda úthlutaðra búa, sérfræðiþekkingu og kvartanir sem borist hafa vegna viðkomandi sem ekki hefur verið vísað frá sem haldlausum.

*Ætti jafnvel að setja reglur um ríkari hæfniskröfur til lögmanna sem skiptastjóra í umfangsmiklum búum þar sem miklir fjárhagslegir hagsmunir eru undir eða ljóst að verulegur ágreiningur er á milli kröfuhafa?*

Í meistararitgerðinni velti ég upp nokkrum hugmyndum að breytingum er lúta að þessu álitaefni. Má þar nefna að gera kröfu um að lögmaður skuli hafa aðstoðað við tiltekinn fjölda skipta undir handleiðslu skiptastjóra áður en hann getur fengið úthlutaðum þrotabúum sjálfur. Önnur hugmynd væri að setja lágmarkskröfur um sérfræðiþekkingu og reynslu þegar um er að ræða stærri þrotabú, s.s. að viðkomandi þyrfti að hafa skipt tiltekið mörgum þrotabúum áður en honum er úthlutað stærri þrotabúum. Góð byrjun væri þó að setja ítarlegri skilyrði í leiðbeinandi reglur um skipun skiptastjóra þar sem slíkt yrði nánar útfært.

### Þörf á betri umgjörð og gagnsæi

*Nú eru dómstólarnir með svokallaða „skiptastjóraalista“ á sínum vegum um þá lögmenn sem vilja taka að sér þrotabú. Telur þú að dómstólarnir fari almennt eftir þessum listum?*

Af skiptastjóraalistaum sem dómsmálaráðherra birti fyrir á þessu ári í svari við fyrirspurn þingmanns sést að töluverður munur er á milli lögmanna þegar kemur að úthlutun þrotabúa. Listinn segir þó ekki alla söguna þar sem sumir lögmenn hafa fengið stærri bú sem tekur langan tíma að skipta og fá þar af leiðandi færri bú. Héraðsdómur Reykjavíkur og Reykjaness hafa staðið sig vel í að gæta jafnræðis, en ekki verður annað séð en að dómstólar út á landi skipi í flestum tilfellum lögmenn með starfsstöð innan þeirrar þinghá. Þar eru færri lögmenn sem fá úthlutaðum þrotabúum og því er í mörgum tilfellum fjöldi þeirra búa sem lögmenn út á landi fá hærri heldur en gerist á höfuðborgarsvæðinu. Þeir tíu lögmenn sem fengu flestum þrotabúum úthlutað samkvæmt skiptastjóraalistaum eiga það allir sameiginlegt að meirihluti þeirra þrotabúa sem þeim er úthlutað koma frá dómstólum utan höfuðborgarsvæðisins, en fjöldi úthlutaðra þrotabúa til þeirra er frá 73 og upp í 124 bú. Í meðfylgjandi töflu, sem unnin er úr skiptastjóraalistaum og nær til tímabilsins 2012-2021, má sjá meðaltal og miðgildi úthlutaðra þrotabúa til lögmanna, sundurliðað eftir hverjum dómstól fyrir sig.

	Meðaltal	Miðgildi
Héraðsdómur Austurlands	9	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	11	4
Héraðsdómur Norðurlands vestra	30	17
Héraðsdómur Reykjaness	8	5
Héraðsdómur Reykjavíkur	10	7
Héraðsdómur Suðurlands	10	2
Héraðsdómur Vestfjarða	3	1
Héraðsdómur Vesturlands	7	2
Samtals	17	11

### Fjöldi skiptastjóra á listum héraðsdómstólanna

Héraðsdómur Reykjavíkur: 258

Héraðsdómur Reykjaness: 259

Héraðsdómur Suðurlands: 284

Héraðsdómur Norðurlands eystra: 49

Héraðsdómur Vesturlands: 146

Héraðsdómur Vestfjarða: 20

Héraðsdómur Norðurlands vestra: 20

Héraðsdómur Austurlands: 23

Telur þú að ákvörðun um skipun skiptastjóra skuli vera rökstudd og þá eftir atvikum kæránleg til æðra dóms?

Ég tel að þess sé ekki þörf. Í framkvæmd kann slíkur rökstuðningur að valda miklum vandkvæðum og myndi auka álag á dómstóla. Einn helsti rökstuðningurinn fyrir því að skipun skiptastjóra er ekki kæránleg til æðri dóms er að skipunin er ekki rökstudd og því ótækt fyrir æðri dómstól að meta réttmæti skipunarinnar. Yrði gerð breyting þess efnis að skipun skiptastjóra þyrfti að vera rökstudd og skipunin sé kæránleg til æðri dóms kynni slíkt að tefja skipti og hefði í för með sér töluverðan kostnað. Hins vegar tel ég þörf á betri umgjörð og gagnsæi hvernig úthlutun þrotabúa fer fram. Regluleg birting á skiptastjoralistanum sem væri sundurliðaður eftir fjölda úthlutaðra þrotabúa væri einn liður í að auka gagnsæi.

### Vantar heimild til að endurupptaka skipti

Þyrfti að breyta fyrirkomulagi málsmeðferðar þannig að skiptastjóri geti ekki lokið skiptum formlega nema fyrir liggi samþykki eða staðfesting

héraðsdómara, þannig að skiptastjóri geti ekki skotið sér undan mögulegum aðfinnslum með því að ljúka skiptum?

Ég tel að slík leið yrði aðeins til þess fallin að auka vinnuálag hjá dómurum og hefði í flestum tilfellum lítið vægi. Til að koma til móts við gagnrýni þess efnis að skiptastjóri geti lokið skiptum og komist þannig hjá því að hægt sé að hafa uppi aðfinnslur vegna starfa hans, þá væri nægilegt að lögfesta heimild fyrir héraðsdómara til að endurupptaka skipti komi fram aðfinnslur sem héraðsdómari telur að séu á rökum reistar eða þá að lögfesta heimild til að reka aðfinnslumál óháð skiptalokum. Ég tel þó að endurupptaka skipta vegna reksturs aðfinnslumáls kunni að valda vandkvæðum og tel því heimild til að reka aðfinnslumál óháð skiptalokum vera skárri kost.

EI

BBA // FJELDCO

**Deloitte.**  
Legal

 KVÍKA

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

  
LÖGMANNSSTOFA

 **LMG**  
LÖGMENN | LEGAL SERVICES

 **HÍ** | LAGAEILD

**juris**





Birgir Már Björnsson meistari LMFÍ í golfi 2022.



Í fyrsta holti voru f.v. Pétur Fannar Gíslason, Jóhannes Bjarni Björnsson, Þyrí Steingrímsdóttir og Magnús Hrafn Magnússon.

# MEISTARAMÓT LMFÍ Í GOLFI 2022

Í byrjun september var haldið meistaramót LMFÍ í golfi á Grafarholtsvelli en alls voru þátttakendur 24 talsins.

Þótt veðurspá væri með besta mótí blasti dumbungur við spilurum þegar þeir lögðu af stað af vinnustöðum sínum. En uppi í Grafarholti skein sól og veður batnaði eftir því sem fleiri holur voru spilaðar. Grafarholtsvöllur skartaði sínu fegursta og aðstaða öll til fyrirmyndar fyrir hina löglærðu kylfinga.

Hér og þar yfir daginn heyrðust bæði fagnaðarlæti og vonbrigða-óp af teigum og flötum. Enginn fór holu í höggi en nokkrir fuglar litu dagsins ljós, þörin þó sýnu fleiri og skollarnir læddust með. Sigurvegari höggleiksins var með eindæmum högglangur og mátti næsta holl á undan jafnan vara sig á flötinni. Þess ber að

geta að þátttaka kvenna í mótinu hefur aukist á undanförunum árum og þá hefur meðalaldur karlanna einnig verulega lækkað á sama tíma. Hvort tenging er þar á milli skal ekki fullyrt um, né hvort útlit og klæðaburður kylfinganna hafi batnað við þessi tíðindi, en forgjöfin spyr auðvitað ekki um fegurð, kyn eða aldur. Í golfnefnd eru þau Guðni Áspór Haraldsson og Þyrí Steingrímsdóttir

\*\*\*

Leikinn var 18 holu höggleikur án forgjafar en einnig punkta-keppni með forgjöf en sigurvegari í punktakeppni var krýndur

meistari LMFÍ í golfi. Guðni Haraldsson lögmaður og formaður golfnefndar LMFÍ afhenti verðlaunin, hinn glæsilega farandbikar ásamt öðrum verðlaunagripum.

Golfmeistari LMFÍ árið 2022 er Birgir Már Björnsson með 39 punkta. Í öðru sæti var Jóhannes Albert Sævarsson með 39 punkta og í þriðja sæti var Halldór Reynir Halldórsson með 36 punkta.

Í höggleiknum sigraði Jónatan Hróbjartsson með 79 högg, Bernhard Nils Bogason var í öðru sæti með 81 högg og Halldór Reynir Halldórsson í því þriðja með 82 högg.

Nándarverðlaun á 2. braut hlaut Guðjón Bjarni Hálfánarson og nándarverðlaun á 18. braut hlaut Pétur Fannar Gíslason.

ÞS og EI



Einbeitingin leynir sér ekki hjá Ingu Lilly Brynjólfsdóttur á 18. braut.

# LOGOS

Reykjavík · London

# LR

Lögfræðistofa Reykjavíkur

# FORTIS

Lögmannsstofa



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · [www.law.is](http://www.law.is)

# NOVUM

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA





PÁLL ARNÓR PÁLSSON ER FÆDDUR 5. JÚNÍ 1948. HANN LAUK EMBÆTTISPRÓFI Í LÖGFRÆÐI FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS ÁRIÐ 1974, VARÐ HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR ÁRIÐ 1975 OG HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR 1981. PÁLL ARNÓR VAR FULLTRÚÍ Á LÖGFRÆÐISKRIFSTOFU FÖÐUR SÍNS, PÁLS S. PÁLSSONAR, 1974 TIL 1979 EN RAK SVO LÖGMANNSSTOFU Í FÉLAGI VIÐ HANN OG STEFÁN BRÓÐUR SINN TIL ÁRSINS 1983 ER PÁLL S. LÉST. ÞEIR BRÆÐUR RÁKU STOFUNA ÁFRAM ÞAR TIL STEFÁN HVARF TIL ANNARRA STARFA EN ÞEIR PÁLL ARNÓR OG RAGNAR BALDURSSON TÓKU UPP SKRIFSTOFUSAMSTARF ÞAR TIL BÁÐIR FÓRU MEÐ SINN REKSTUR UNDIR HATT LÖGHEIMTUNNAR/PACTA ÁRIÐ 2006. PÁLL ARNÓR KVÆNTIST RAGNHEIÐI VALDIMARSDÓTTUR KLIPPARA OG FV. SVIÐSSTJÓRA RÚV ÁRIÐ 1968 OG ÞAU EIGA ÞRjú UPPKOMIN BÖRN.



# ÉG UNDI MÉR VEL Í LÖGMANNNSSTARFINU

Páll Arnór Pálsson byrjaði ungur að sendast fyrir lögmannsstofu föður síns og fetaði síðan í fótspor hans. Á 46 ára lögmannsferli flutti Páll Arnór yfir 200 mál fyrir Hæstarétti og vinnudagarnir voru oft langir. Hann hætti endanlega störfum árið 2020 og einbeitir sér nú að líkamsrækt, golfi og sundi. Þegar blaðamaður Lögmannaþingsins barði að dyrum einn sumardaginn í september var Páll nýkominn heim eftir að hafa spilað níu holur með systkinum sínum.

*Faðir þinn, Páll S. Pálsson átti langan og farsælan lögmannsferil, lá alltaf beint við að fara í lögfræði?*

Nei, þegar ég var níu ára í sveitinni, þar sem ég var á sumrin hjá föðurfólki mínu í Húnaþingi, var ég spurður að því hvort ég ætlaði að verða lögmaður eins og pabbi. Ég hélt nú ekki því ég hefði reynt þann starfa og hann væri hundleiðinlegur. „Hversu má það vera?“ spurðu menn hálfhlægjandi. „Pabbi lætur mig stundum passa skrifstofuna þegar hann þarf að skreppa frá og svara í símann. Það er sko leiðinlegt að sitja við skrifborð og gera ekki neitt. Bara bíða eftir að síminn hringi,“ sagði ég. Viðstöddum var mjög skemmt.

## **Minningabrot**

*Byrjaðir þú snemma að vinna á lögmannsstofu föður þíns?*

Ég byrjaði snemma að sendast með skjöl, meðal annars til Þorvaldar Lúðvíkssonar sem sá um mætingar fyrir lögmenn á reglulegum bæjarþingum. Í eitt skiptið kom ég í óðagoti inn í dómsalinn, sem var á efri hæð Hegningarhússins, en þar var slangur af fólki, bæði lögmenn og dómarmar. Ég þekkti ekki Þorvald í sjón og mundi ekki nafnið hans rétt, kallaði því yfir salinn: „Er Lúðvík Jóseppson hér?“ en sá þekkti ráðherra var oft

í fréttum á þessum tíma. Það sló þögn á salinn en síðan braust út mikill hlátur. Eftir nokkrar stund tókst viðstöddum að fá upp úr mér erindið og Þorvaldur tók brosandí við skjölunum. Síðar á lífsleiðinni kom ég oft í þennan sal þar sem haldnar voru fyrirtökur í gæsluvarðhaldsmálum og sáttanefndarfundir. Einnig fór ég í Hæstarétt með stefnur til útgáfu en Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari tók á móti þeim í herbergi á jarðhæð hússins. Útgáfugjöldin voru ekki há og skiptimyntin var geymd í dós á borði hans.

## **Námið gamaldags**

*Þú varðst faðir einungis 18 ára gamall, hafði það áhrif á námið?*

Við Ragnheiður vorum ansi ung þegar við eignuðumst okkar fyrsta barn, hún nýorðin 17 og ég nýorðinn 18 ára. Við héldum samt áfram námi í MR en þjuggum í heimahúsum fyrst í stað. Við giftum okkur svo eftir stúdentspróf og ég fór í laganámið en það var ekki fyrr en eftir stúdentspróf sem ég ákvað að fara í lögfræðina. Enginn þrýstingur var frá föður mínum, enda var ég einn af átta systkinum og ekki miðja alheimsins, en einhvern veginn ætlaðist það svo að ég fór í lögfræði. Fyrsta hjúskaparárið þjuggum við hjá tengdamóður minni og þegar Ragnheiður

kláraði MR árið 1969 fór hún fljótlega að vinna hjá Sjónvarpinu. Þótt jafnrétti kynja væri að orðinu til komið á þá var reyndin sú að nám karlsins gekk fyrir ef hjón voru komin með barn.

#### *Hafðir þú gaman af laganáminu?*

Nei, ég verð að viðurkenna að ég fór nokkuð á mis við þann brennandi áhuga sem margir segjast hafa haft á fræðunum, a.m.k. framan af. Námið var gamaldags og þunglamalegt, og sérstaklega erfitt var að fylgjast með nýjum dómum og réttarheimildum. Dómar Hæstaréttar voru gefnir út 2-3 árum eftir uppsögu og registrin enn síðar. Leit að réttum dómum tók óratíma og þetta ástand varði fram undir 1990 er tölvuöldin hélt innreið sína.

Ég hóf strax störf á skrifstofu föður míns við útskrift í júní 1974 og tók svo prófmálin fjögur til að fá héraðsdómsréttindi en þau fékk ég í október 1975. Það var gott að hafa föður minn sem leiðbeinanda en hann var einn umsvifamesti lögmaður landsins og formaður Lögmannafélagsins þegar ég útskrifaðist. Sviðsframkoma hans var þekkt en hann var kennaramenntaður og hafði starfað sem slíkur. Þá hafði hann einnig lært leiklist og bjó vel að því.

#### *Likaði þér lögmenntun vel?*

Já, ég undi mér vel í lögmannstarfinu og hlakkaði yfirleitt til þess að takast á við þau verkefni sem að hendi bárust. Áhuginn á lögfræðinni jókst með árunum verð ég að segja. Það auðveldaði mér starfið að hafa kynnst ýmsum sviðum þjóðfélagsins í fjölbreyttum störfum á námsárunum, átti þá hægara með að setja mig inn í alls kyns málefni sem rötuðu á borð lögmannna. Þegar ég var orðinn lögmaður komu gamlir vinnufélagar með sín vandamál og það yljaði mér um hjartarætur að þeir skyldu leita til mín.

#### **Lögmenn orðnir fjölmiðlafulltrúar**

##### *Hvers konar lögmannsstörfum hefur þú aðallega sinnt í gegnum tíðina?*

Atvik höguðu því þannig að strax í byrjun fór ég að fást við sakamál. Ég hafði á námsárunum unnið sumarlangt hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, sem þá var undir Sakadómi Reykjavíkur, og kynntist þá mönnum beggja vegna borðsins ef svo má að orði komast. Það hentaði líka föður mínum vel að losna við það óhagræði er fylgdi sakamálunum, þ.e. að vera kallaður út með skömmum fyrirvara til að vera viðstaddur skýrslutökum o.s.frv.

Sakamálin voru mjög óvinsæl þá meðal lögmannna, illa borguð og snerust aðallega um leiðindi og almenningur leit frekar niður til þeirra lögmannna er fengust við sakamál eins og þeir væru á einhvern hátt samsekir skjólstæðingunum. Þetta kom skýrt

fram á tímum Geirfinnsmálsins: „Hvernig getið þið varið svona menn?“ var kannski spurt með hryllingi. Þetta hefur breyst mikið með auknum skilningi á réttindum sakaðra manna og um leið er verjendum gert hærra undir höfði. Þó hefur brugðið við hin síðustu ár að verjendur hagi sér eins og blaðafulltrúar. Lögmaður kemur jafnvel í sjónvarpsviðtal á fyrsta degi gæsluvarðhalds og fullyrðir að hans skjólstæðingur sé saklaus en svo kemur annað á daginn.

Annars var ég alltaf í alls kyns einkamálum en sakamálum fækkaði hjá mér eftir því sem árin liðu. Á móti hefur ýmsum kröfuréttar- og eignarréttarmálum fjölgað og þjóðlendumál hafa tekið drjúgan tíma sem og aðstoð við dánarbússkipti. Þessi þróun hefur ekki verið mér á móti skapi og hér á við orðtækið: „Veldur hver á heldur“.

#### **Loks tókst að rétta hlut sakborninga**

##### *Talandi um Geirfinnsmál, þar sem þú varst verjandi Kristjánns Viðars sem nú er látinn en var sýknaður í málinu árið 2018, hvað hugsar þú þegar þú lítur í baksýnispegilinn á það mál?*

Ég gerði ráð fyrir því eftir málflytninginn í Hæstarétti á sínum tíma að aðalsakborningarnir yrðu sýknaðir, m.a. þar sem sönnun stóð á brauðfótum og rannsókn var verulega áfátt svo ekki sé meira sagt. Niðurstaðan varð önnur en stemningin í þjóðfélaginu 1976-1980 var svo algerlega á móti þessu fólki sem var fyrirliðið sem glæpahyski. Það var ekki fyrr en sérfræðiskýrslan um falskar játningar var lögð fram sem að ný gögn komu fram sem gátu leitt til endurupptöku málsins. Aðalsakborningarnir voru sýknaðir að kröfu setts ríkissaksóknara en engin efnisleg meðferð hefur farið fram sem gæti varpað nýju ljósi á hvarf manna tveggja. Málið er enn óleyst. Er ég lít í baksýnispegilinn sé ég kerfi sem var vanbúið að fást við slík mál og réttarástand sem var sakborningum í óhag. Sérstaklega verður mér hugsað til þess að Sakadómur Reykjavíkur hafði yfirumsjón með rannsókn lögreglu, úrskurðaði menn í gæsluvarðhald og dæmdi síðar í málinu er ákæra var fram komin. Fyrir dómsmeðferðina í héraði bannaði t.d. hinn fjölskipaði dómur í þessu sérstaka máli að lögmenn tveggja aðalsakborninganna fengju að tala einslega við þá.

Geirfinnsmálið var mitt fyrsta prófmál fyrir Hæstarétti og mikil áraun fyrir ungan mann með alla fjölmiðlana allt um kring. Ríkisútvarpið var t.d. með tvö teymi inni í dómsalnum við upphaf málflyttings og þurfti ég að beita mér sérstaklega til að fá upptökur stöðvaðar. Það umsátursástand sem skapast hafði í kringum þetta mál hafði haft þau áhrif að Hæstiréttur var ragur við að stýggja fjölmiðla.



Myndin er tekin árið 1991 í gamla Hæstaréttarhúsnu þegar málflytningur var í tveimur söllum samtímis er málflytjendur fengu kaffihlé. Annars vegar var Hafskipsmálið fyrir fimm manna dómi og hins vegar sakamál fyrir þriggja manna dómi. Frá vinstri: Jónas A. Aðalsteinsson hrl., Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., Jón Magnússon hrl., Páll Arnór Pálsson hrl., (sérstakur ríkissaksóknari), Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari, Stefán Pálsson hrl. (bróðir Páls) og Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.

### Þjóðlendu- og landamerkjamálin áhugaverð

*Eru fleiri eftirminnileg mál frá löngum ferli?*

Já, ég var til dæmis skipaður sérstakur ríkissaksóknari í málum er tengdust gjaldþroti Hafskips. Fyrst var ég einn af aðstoðarmönnum Jónatans Þórmundssonar fyrir héraðsdómi en tók við af honum er málið gekk til Hæstaréttar. Geysilega umfangsmikið og útmáfrekt mál. Svo eru þjóðlendu mér ofarlega í huga en ég hef rekið þau nokkur, þ.e. að verja landeigendur gegn yfiringari ríkisins. Þessi þjóðlendumál voru skemmtileg mál lögfræðilega, með grúski og sögu. Sama var með landamerkjamálin en ég var með mörg slík rétt eins og faðir minn sem var helsti sérfræðingurinn í þeim í sinni lögmennstíð. Eftirminnileg eru einnig alls kyns skaðabótamál.

Það gleymist oft þegar rætt er um störf lögmanna að sáttagerð er stór hluti af þeirra starfi. Mörg stóru málin eru kannski þau sem sátt náðist í að lokum. Umbjóðendur geta verið erfiðir og góður lögmaður er sá sem getur leitt þeim fyrir sjónir hver sé rétta niðurstaðan eða sú líklegasta ef til dómsmáls kæmi. Í þessu sambandi er mér minnstætt er ég var eitt sinn með skilnaðarmál á móti Erni Clausen en hann talaði oft beint út um hlutina. Við vorum ásamt skilnaðarhjónum í fundarherbergi á skrifstofu minni og ritari minn, sem sat frammi, heyrði vel hvað fram fór enda fundurinn hávaðasamur. Þegar öll voru farin spurði

hún hneyksluð: „Hvernig gastu leyft honum Erni tala svona við umbjóðanda þinn?“ Ég svaraði: „Hann var að tala við sinn umbjóðanda“.

Annars hefi ég komið víða við, m.a. verið skipaður ad hoc formaður kærunefndar jafnréttismála í einu máli, verið prófdómari í samkeppnisrétti við lagadeild HÍ í nokkur ár og verið skipaður sérstakur ríkissaksóknari í málum þegar hinn reglulegi hefur verið talinn vanhæfur fyrir einhverra hluta sakir. Þá hef ég aðeins fengist við kennslu, m.a. á námskeiðum Endurmenntunar HÍ fyrir verjendur og einnig var ég með gestafyrirlestra í háskólum um þjóðlendumál.

### Varð heiðursfélagi ABA

*Þú tókst talsvert þátt í félagsmálum innan LMFÍ, ekki rétt?*

Jú, snemma á ferlinum var ég settur í gjaldskrárnefnd Lögmannafélagsins, nokkurs konar fötgönguliðsstarfi í þann tíð. Nefndin hafði þann aðalstarfa að fara yfir kvartanir frá viðskiptavinum lögmanna varðandi þóknarir og útbúa álit fyrir stjórn félagsins sem úrskurðaði í málunum. Nú eru slík mál í höndum úrskurðarnefndar sem er ekki öll skipuð lögmönnum.

Upp úr 1980 var ég í varastjórn LMFÍ og síðan í aðalstjórn 1984-1986 sem varaformaður. Jón Steinar Gunnlaugsson var formaður



en þar sem hann var lítt gefinn fyrir áfengisboð lenti svolítið á mér að taka á móti gestum og eiga samskipti við útlönd. Þannig kom það til að ég fór í stað formanns á aðalfund bandarísku lögmennasamtakanna, American Bar Association, í Chicago árið 1984. Þetta eru geysistörir fundir þar sem ýmsar nefndir koma saman og margir fyrirlestrar haldnir. Meginþemað á þessum tiltekna aðalfundi var að auka samband við lögmenn í útlöndum og af því tilefni var forvígismönnum lögmanna í 40 „fremstu“ lýðræðisríkjum heims boðið. Á 2.500 manna hátíðarfundu voru þessir forvígismenn gerðir að heiðursfélögum ABA. Þannig varð ég heiðursfélagi án þess að hafa mikið til þess unnið! Svo var ég einnig í stjórn Lögfræðingafélags Íslands árin 1999-2001.

Finnskir lögmenn komu í heimsókn til landsins í minni varaformannstíð og nokkru eftir heimsóknina hafði formaður þeirra samband við mig og sagðist vera meðlimur í evrópskum lögmennasamtökum, Parlex Group, þar sem einn lögmaður eða ein lögmennastofa var í hverju landi aðili. Það vantaði fulltrúa frá Íslandi, sá finnski vildi fá mig svo ég mætti á næsta fund og var í framhaldinu tekinn inn í samtökin. Aðalfundir voru haldnir hvert ár til skiptis í borgum félagsmanna. Venjan var að heimsækja helstu stofnanir og dómstóla á hverjum stað og til Íslands kom hópurinn árið 1992. Þessi samskipti voru afar gagnleg og stundum kom það fyrir að ég þurfti að fá upplýsingar um lögfræðileg vandamál erlendis að einn tölvupóstur eða símtal leysti málið. Þá sendum við á milli mál sem þurfti að reka í öðru landi og það var gott að eiga svona hauka í horni.

### Ræðismaður Ísrael á Íslandi

*Hvað kom til að þú varðst ræðismaður Ísrael á Íslandi?*

Lögmennafélagið stóð fyrir ferð til Ísrael árið 1985 og þar sem ég var varaformaður þá fór ég með og var í forsvari fyrir félagið. Þegar Ísrael vantaði ræðismann 1993 þá var leitað til mín. Ég sinni þessu ólaunaða starfi í yfir 27 ár eða þar til nú í ársbyrjun. Þetta var nokkuð vandasamt verkefni en álag var mismikið, hefur orðið léttara með auknum rafrænum samskiptum en á

móti kemur aukinn fjöldi ferðamanna sem hefur þurft aðstoð, t.d. vegna glataðra vegabréfa, slysa o.s.frv. Ég hef kynnst mörgu góðu fólki í tengslum við þetta starf og oft uppskorið mikið þakklæti. Ég var svo lengi í stjórn Félags kjöræðismanna og þar af formaður í ein þrjú ár.

### Sáttur við umskiptin

*Finnt þér lögmennastarfið hafa breyst á þessum 46 árum?*

Já heilmikið og aðallega snýr það að hinni stafrænu byltingu þar sem undirbúningur mála og gagnaöflun er orðin svo miklu auðveldari. Umtalsverðar breytingar urðu svo með nýrri skipan dómstóla og á réttarfarslögum upp úr 1990, það miklar að lögmenn þurftu nánast að fara á skólabekk. Við losuðum okkur við gamla sýslumannaréttarfarið, þar sem sýslumaðurinn stjórnaði rannsókn og dæmdi.

Lögmennastarfinu fylgir mikið álag oft á tíðum og mikil streita. Við undirbúning aðalmeðferða og málflytninga fyrir Hæstarétti gat vinnutíminn orðið æði langur og ég held að það hafi ekki breyst. Þótt auðveldara sé fyrir lögmenn nú að undirbúa mál og afla gagna þá kemur á móti að öll þeirra verk eru sýnilegri og fjölmiðlar vakandi yfir störfum þeirra. Það eykur streituna að eiga yfir höfði sér gagnrýni eða fordæmingu fjölmiðla og netheima sem engu eira og víla ekki fyrir sér að fremja mannorðspjöll og „aftökur“ í beinni.

*Var erfitt að hætta?*

Já, mér fannst erfitt að taka ákvörðunina, hélt mig vera ómissandi og jafnvel vera að svíkja skjólstæðingana. Sem betur fer hlustaði ég á ráðleggingar góðra manna. Ég er með Parkinsons sjúkdóminn, sem var farinn að há mér síðustu árin, svo ég hætti á stofu árið 2018 og lauk nokkrum málum hér heima 2019-2020. Nú einbeiti ég mér að halda heilsunni með hreyfingu og er alveg sáttur við umskiptin.

EI

# PRENTUN

## Litla & prent

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - [www.litlaprent.is](http://www.litlaprent.is)



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

## NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Ólafur Lúther Einarsson

Novum lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 865-3222

### Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

Lagastoð, Lágmúli 7, 108 Reykjavík, sími: 516-4000

### Erling Daði Emilsson

Fulltingi slf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími: 533-2050

### Pétur Már Jónsson

Sléttuvegi 17, 108 Reykjavík, sími: 860-5105

## NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

### Telma Sif Reynisdóttir

Novum lögfræðipjónusta, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík, sími: 555-1550

### Sigurður Helgi Birgisson

Landssamband æskulýðsfélaga, Rafstöðvarvegi 7, 110 Reykjavík, sími: 848-5017

### Emma Adolfsdóttir

LMG lögmennt, Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími: 511-1190

### Árni Grétar Finnsson

Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík, sími: 591-0000

### Aron Daði Kristjánsson

Icelandair, Reykjavíkflugvelli, 102 Reykjavík, sími: 505-0100

## ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

### Davíð Blöndal

Lög og innheimta ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, sími: 416-4000

### Erla Arnardóttir

KPMG Law, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, sími: 545-6100

### Andri Fannar Bergþórsson

ADVEL lögmennt, Hafnartorgi – Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 520-2050

### Aðalheiður Helgadóttir

Suðurlandsbraut 30, 3. hæð, 108 Reykjavík, sími: 8692350

### Ólafur Evert Úlfsson

Deloitte legal, 8. h. Turninum, Smáralind 3, 201 Kópavogi, sími: 580-3000

### Elín Hrefna Ólafsdóttir

Embætti Borgarlögmanns, Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

### Sonja H. Berndsen

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, sími: 545-8490

### Védís Eva Guðmundsdóttir

Réttur, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, sími: 411-4100

### Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir

Lagarök, Síðumúli 27, 108 Reykjavík

### Þorvaldur Hauksson

Ríkislögmaður, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík, sími: 545-8490

### Elfa Antonsdóttir

Lögmennt Laugavegi 3, Laugavegi 3, 101 Reykjavík, sími: 520-1050

### Ásta Sóley Sigurðardóttir

Skipholti 50d, 4. h tv., sími: 659-4032

## BREYTING Á VINNUSTAÐ

### Unnur B. Vilhjálmisdóttir

APEX, Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, sími: 867-5769

### Sylvía Ólafsdóttir

Lögmenn Fossvogi, Kjarrvegi 3, 108 Reykjavík, sími: 695-5750

### Jóhanna Katrín Magnúsdóttir

KVIKA banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sími: 540-3200

### Harald Gunnar Halldórsson

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Engjateig 11, 105 Reykjavík, sími: 510-6100

### Hrafnhildur Sæberg

Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, sími: 563-8000

### Halldór Hrnannar

Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, sími: 560-5000

### Jóhann Fannar Sigurðsson

LML lögmennt, Smáratorgi 3, 221 Kópavogi, sími: 565-9080

### Jón Ingvar Pálsson

Aflvélar, Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ, sími: 780-0406

### Ásta Guðrún Beck

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, sími: 522-1094

### Fróði Steingrímsson

Frumtak Ventures ehf., Kringlunni 7, 103 Reykjavík, sími: 899-8855

### Hulda Rós Rúriksdóttir

HRR lögmannspjónusta, Lágmúla 7, 108 Reykjavík

### Gísli Örn Reynisson

Maxim lögfræðipjónusta, Naustavör 7, 200 Kópavogi, sími: 663-0609

### Bragi Rúnar Axelsson

Formáli lögmennt ehf., Hafnarstræti 6, 400 Ísafirði, sími: 519-4848

### Erna Birgisdóttir

Auðkenni ehf., Borgartúni 31, 105 Reykjavík, sími: 847-8606

### Steinunn Guðmundsdóttir

Facebook UK Limited, 10 Brock Street, Regent's Place, NW13FG London, England, sími: +44 07811 089681

## NÝTT HEIMILISFANG

### Jónas Örn Jónsson

Reykvískir lögmennt, Pósthússtræti 3, 101 Reykjavík, sími: 558-5100

### Þórður Már Jónsson

Sókn og Vörn: Málflutningsstofa, Fellahvarfi 12, 203 Kópavogi, sími: 693-6666

### Leifur Runólfsson

RG lögmennt, Klapparstíg 25, 101 Reykjavík, sími: 550-4060

### Áslaug Lára Lárusdóttir

### Guðni Jósep Einarsson

### Þorgils Þorgilsson

JUVU lögmennt, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, sími: 777-1299

### Steinn Sigr. Finnbogason


Traust Services slf., Klettagördum 12, 104 Reykjavík, sími: 694-7990

### Jóhanna Sigurjónsdóttir

Lögmannsstofa Jóhönnu Sigurjónsdóttur ehf., Krókabyggð 17, 270 Mosfellsbæ, sími: 694-8400

### Þuríður Kristín Halldórsdóttir

Eco&Law Consult ehf., Hafnartorgi 3, 101 Reykjavík, sími: 777-5729



Rafmagnaður 

# e-tron 55

Audi e-tron 55 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með stillanlegri loftpúðafjöðrun og allt að 440 km. drægni (skv. WLTP) sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Fjór hjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)


8 Ára ábyrgð  
á rafhlöðum

5  
Árinn á ábyrgð frá Heklu

 Hekla

Laugavegi 170 – 174  Sími 590 5000  [www.hekla.is](http://www.hekla.is)  
Höldur Akureyri  Bílasala Selfoss  Bílakjarninn Reykjanesbæ  BVA Egilstöðum

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum Heklu að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á [www.hekla.is/abyrgd](http://www.hekla.is/abyrgd). Búnaður bifreiða til sölu getur verið ólíkur þeirri sem sýnd er á mynd.

 Fæst einnig sem Sportback